

**NANA ÚR IDOLINU STOFNAR
HLJÓMSVEIT KÆRASTAN
ER KRAFTAVERKAKONA**



**YESMINE OG ADDI FANNAR
POPPARABARN
Á LEIÐINNI**



hér & n

Fimmtudagur 27. apríl 2006 - 16. töl. - 2. árgangur - Verð: 395 krónur

BUBBI OG HRAFNHILDUR



ÁST Í SAMTÖKUNUM



**SILVÍA
NÓTT
GEFUR ÚT
LJÓÐABÓK**

**BALDUR Á MOJO
OG SIGRÚN BENDER**



**HÁRBEITT
ÁST Í
HÁLOFTUNUM**

ISSN 1670-598X



9 771670 598005

**EYÞÓR ARNALDS OG DAGMAR
OPNA DYRNAR Í SVEITINNI**



**FÉKK NÓG AF
STÓRBORGinni**

**SJÁIÐ GLÆSILEGA
SVEITASETRID Í ÖLFUSI**



**HITTIR ÞÚ
ÁSTINA?**

STJÖRNUSPÁ SUMARSINS

Stórleikur Pepsi & BT



BT



**SKORRAÐU
MED PEPSI**

LOKSINS LOKSINS LOKSINS

Hollywood þægindi á Íslandi!



Hann er til leigu!

- ▶ Hentar vel við ýmis tækifæri, svo sem afmæli, brúðkaup og fundi
- ▶ Tekur 17 farþega
- ▶ Lystisnekkja á hjólum

GOLD LIMO

SÍMI 897 0930 • goldlimo@goldlimo.is

hér & nú



25

STJÖRNUFRÉTTIR

6 Baldur á Mojo: Nældi sér í fegurðardrottninguna Sigrúnu Bender.

7 Atli skemmtanalögga: Tekinn af löggunni.

8 Þórunn Lár: Á von á barni.

10-11 Jói Fel: Bakarinn jafnar sig af brjós-klosinu og tekur upp grillþætti.

12-13 Silvía Nótt: International Superstar, gefur út bók.

14-17 Innlendir molar.

18-19 Hollywood-slúðrið: Heitustu fréttirnar.

20 Yesmine og Addi Fannar: Erfingi á leiðinni.

22-23 Hvað er að fréttu?

Possi hefur það gott í Köben.

ALVÖRU FÓLK

43 Feðgarnir Birgir Svan og Símon Örn Birgisson: Lásu upp ljóð fyrir Vestfirðinga.

44-45 Utandeildarliðið FC Ice: Strákarnir leika með hjartanu.

46-47 Sakamálið: „Það fara ekki allir á Kirkjugarðsballi...“

48-49 Sirry segir: Hvernig fer það með okkur að vaka á nóttunni?

50-51 Vörubílstjórinn Guðjón Magnússon: Heppinn að lifa af en myndi gera þetta aftur.

52-53 Rútu-Pétur: Keyrir hljómsveitarútu.

54-55 Guðfinnur Sigurvinnson: Nýr fréttamaður á RÚV.

56 Foreldrar Davíðs Smára: Idolstjörnu opna hestamanna-krá.

58-59 Footloose: Strákarnir í Footloose eru sjóðandi heitir.

60-61 Nana & The Nanás: Nana úr Idolinu stofnar hljómsveit.

62 10 hlutir sem þú vissir ekki um Sigga storm.

64 Spurðu vin þinn: Skemmtilegasta spurningakeppni í heimi.

65 Skopmyndin.

66 Krossgáta vikunnar.

68 Hér & nú-stúlkan.



32-35



10-11



36-37



60-61

Efnalaugin Björg

Gæðahreinsun

Góð þjónusta

Þekking

Þjónusta

Opið: mán-fim 8:00 - 18:00

föst 8:00 - 19:00

laugardaga 10:00 - 13:00



Baldur á Mojo og Sigrún Bender

KÆRUSTUPAR



Við erum búin að vera saman í svoltínn tíma, þetta er gyðja," segir Baldur Rafn Gylfason, hárgreiðslumaður á Mojo, um kærustuna sína, fegurðardrottninguna Sigrúnu Bender. Baldur og Sigrún hafa farið nokkuð leynt með samband sitt en þau eru ekki byrjuð að búa saman. „Það er samt draumurinn, enda alltaf þælingin þegar fólk er ástfangið,“ segir Baldur léttur á því.

Sigrún er að læra flug og þykir í rauninni frábær flugmaður. „Já, ég hef flogið með henni. Ég hélt ég myndi ekki þora því en eftir þetta mun ég alltaf þora að fljúga enda ekki hægt að fá traustari manneskju í þetta. Þó þetta sé bara lítil rella, þá var þetta minnsta mál í heimi.“

Annars var Baldur staddur í sól og sumaryl á Þingvöllum að byggja sumarhúsið með fjölskyldunni þegar Hér & nú náði af honum tali. „Maður er eitthvað að brasa svona, annars er ég á leið til Tenerife í viku með guttann þar sem við ætlum að dekra við hvor annan í þrjátíu stiga hita, maður verður alveg brúnn og sætur á því.“

Texti: Jón Mýrdal og Breki Logason

STJÖRNUFRÉTTIR



„Já, ég hef flogið með henni. Ég hélt ég myndi ekki þora því en eftir þetta mun ég alltaf þora að fljúga enda ekki hægt að fá traustari manneskju í þetta.“

Baldur á Mojo Kominn með nýja kærustu.

Sigrún Bender Fegurðardrottningin er byrjuð með hárgreiðslumanninum.

Skemmtanalöggan lenti í löggunni

MÁTTI EKKI KLÆÐAST LÖGGUBÚNINGI

Í löggubúningi Atli skemmtanalögga lenti í löggunni vegna klæðaburðar.

Ekki alvöru
lögga!

Lögga kom þarna og ég var tekinn afsíðis, þetta er vísit lögbrot," segir Atli Rúnar Hermannsson, betur þekktur sem Atli skemmtanalögga. Atli rekur skemmtistaðinn Yello og er einn þekktasti plötusnúður landsins og var að spila á hundrað manna grímuballi á Suðurnesjunum þegar hann lenti í kollegum sínum. „Ég var nú bara að dj-a þarna í mínum löggugalla, var í skyrtu með öryggisbindi, plasthandjárn og meira að segja í úlpunni," segir Atli og hlær.

„Svo á miðju balli kemur dyra-vörðurinn og tjáir mér að lögreglan vilji tala við mig. Ég hélt fyrst að það væri búið að rústa staðnum mínum í Keflavík eða þá að ekki væri skemmtanaleyfi fyrir einkasamkvæminu og þeir haldið að ég væri að halda þetta," segir Atli sem gekk út þangað sem lögreglumennirnir biðu.

„Það runnu nú á mig tvær grímur og þeir báðu mig að koma afsíðis til þess að ræða málin, mér leist nú ekkert á þetta á þeim tímapunkti. Þá var mér tjáð að það væri ekki æskilegt að fólk væri í alvörulögregluftöum. Ég fékk þó að klára gíggið og lofaði þeim að skipta um fót þegar ég væri búinn, sem ég og gerði."

Atli segir að innst inni hafi hann þó vitað að þetta væri ekki í lagi. „Ég var samt ekkert að stressa mig yfir þessu enda að spila í einkasamkvæmi. Það er samt drepfyndið að skemmtanalögga hafi verið tekin í löggubúningi."

En ætlar Atli að skella sér aftur í lögreglubúninginn?

„Ég var nú ekki handtekinn og fékk enga sekt, þannig að það er aldrei að vita nema maður geri þetta aftur. Maður á aldrei að segja aldrei," segir skemmtanalögga eldhress að lokum.



„Það er samt drepfyndið að skemmtanalögga hafi verið tekin í löggubúningi."

**Pórunn Lárusdóttir
og Snorri Petersen**

EIGNAST

**STJÖRNU-
FRÉTTIR**

SITT

FYRSTA

BARN

**Ólétt og
alsæl!**

Ég er löngu ólétt og á ekki nema þrjá mánuði eftir þannig að þetta er ekkert „breaking news“,“ segir Pórunn Lárusdóttir hress og kát. Hún á von á barni með manni sínum, Snorra Petersen starfsmanni SPRON, sem einnig hefur gert það gott í auglýsingabransanum. „Við erum búin að vera saman í einhvern tíma en þetta er okkar fyrsta barn. Ég er mjög spennt eins og þú getur ímyndað þér,“ segir Pórunn sem vill ekki vita hvort hún á von á strák eða stelpu.

„Þetta gengur bara mjög vel og ég er ennþá að vinna í Þjóðleikhúsinu, ég verð í því eitthvað fram á vor.“

Pórunn Lárusdóttir
*Leikkonan á von á
sínu fyrsta barni.*

Snorri Petersen
*Á von á barni með
leikkonunni.*

Texti: Jón Mýrdal

Full búð af nýjum sumarvörum



GYLTI KÖTTURINN

Opið alla daga – einnig sunnudaga

AUSTURSTRÆTI 8 – 10 · 101 REYKJAVÍK · 5340005

Jói Fel tekur upp grillseríu
með leikurunum úr Mýrinni

BYRJAÐUR AÐ LYFTA EFTIR BRJÓSKLOSID

Byrjaður að æfa „Ég er að halda upp á að það er ár síðan ég fór í þriðju brjóskaðgerðina mína og er alveg rosalega ánægður. Ég hef verið í endurhæfingu en er byrjaður að lyfta aftur, sem gerir mig svona ánægðan.“

Ég er að halda upp á að það er ár síðan ég fór í þriðju brjós-klosaðgerðina mína og er alveg rosalega ánægður. Ég hef verið í endurhæfingu en er byrjaður að lyfta aftur, sem gerir mig svona ánægðan," segir Jói Fel eldhress. „Það er alveg hrikalega gott að vera kominn aftur í ræktina. Ég bara skil ekki fólk sem mætir ekki í ræktina, sjálfur æfi ég fimm til sex sinnum í viku. Ég ætla ekkert að enda eins og Gauji litli," segir Jói og hlær.

Það er konan sem fer með Jóa í ræktina og eru þau í þessu alveg heilshugar. „Við borðum nefnilega svo mikið.“

Upp í rúm með Hollywood-stjörnum

Eins og flestir vita er Jói mikill matgæðingur og hans uppáhaldsmatur er hreindýr sem hann skýtur iðulega sjálfur. „Núna í ágúst fer ég að skjóta tarf. Það má alveg láta alla handrukkarana vita að ég er með byssur heima," segir Jói og hlær en hans uppáhald er að veiða.

„Það kemst samt fátt annað að núna en að vinna. Fermingarnar eru alveg á fullu núna en það tímabil stendur yfir í fimm vikur. Svo ætla ég að halda upp á lok þess núna í byrjun maí og bjóða frúnni til New York í fyrsta skiptið. Ætli við förum ekki eitthvað gott út að borða.“

Jói og frúin eru búin að panta borð á veitingastað sem heitir Bed. „Þar fer maður úr skónum og upp í rúm að borða. Það er búið að segja mér frá þessu og ég er alveg svakalega spenntur. Ég þekki fólk sem hefur hoppað upp í rúm með frægum leikurum og svona.“

Mælir með hálfhráu lambakjöti

En áður en Jói fer til New York ætlar hann að taka upp næstu seríu fyrir sjónvarpið. „Það er grillserían sem er á leiðinni og verður hún sýnd í maí og júní. Þar kemur hellingur af góðum gestum og verð ég meðal annars með leikarana úr Mýrinni, það verður að halda þeim við efnið og gefa þeim að éta," segir Jói sem er mikill grillmeistari. „Mér finnst lambið alltaf best og mæli hiklaust með einhverju góðu einföldu fillet á grillið í sumar. Helst að grilla það bara öðrum megin og borða það hálfhrátt. Ég reyni að sannfæra fólk um þetta, sem gengur upp og ofan. En því minna sem það er eldað, því betra er það," segir meistari Jói Fel að lokum.

Texti: Breki Logason og Jón Mýrdal

„Það má alveg láta alla handrukkarana vita að ég er með byssur heima.“



Fræg mynd Myrðin af Jóa Fel í sturtunni er löngu orðin fræg.

Á leið til New York Jói ætlar að bjóða Unni konunni sinni til New York í byrjun maí.



Í ræktinni Jói fer fimm til sex sinnum í viku í ræktina.



MUNDI LEGGJA ÖLL MANN

Silvía Nótt gefur út ljóðabók og er vægast sagt, bjartsýn á Eurovision



Parf tvo til Pessi víga-Þór lífvörður passaði líka upp á Silvíu Nótt.



Sjáðu sætu leggina mína Silvíu Nótt er með afbrigðum kynþokkakfulli kona.



Skyggði á samkeppnina Silvíu Nótt var stórglæsileg á meðan „litlu stelpurnar“ voru látausari.



Sterk innkoma Silvíu geislaði af öryggi þegar hún gekk inn á Oliver.



Sjóðheit ást Romario gerist ástleitinn við elskuna sína.



Ekki fleiri myndir, takk! Silvíu Nótt fékk sannkallaða stjörnumeðferð enda alþjóðleg stórstjarna.

Texti: Ragnar Pétursson og Jón Mýrdal H&N-myndir Valli

SLÍF Á ÍSLANDI UNDIR



Can you speak English, because I'm an international superstar," sagði Silvía Nótt þegar Hér & nú náði á hana á Oliver síðastliðinn þriðjudag. Hún virðist vera farin að tala einungis ensku enda dvalið mikið erlendis upp á síðkastið, meðal annars í Japan. Á Oliver hittir hún fyrir stúlkurnar sem syngja fyrir hönd Hollands í Eurovision, snæddi með þeim og tók lagið.

Of stór fyrir Eurovision

Silvía Nótt segist vera samlega spennt fyrir Eurovision-keppninni en bætir við að einungis sé um litla keppni að ræða og hún muni rústa henni. „I will, you know, ruin it," segir Silvía og bætir við að hún væri tilbúin að leggja líf hvers einasta íbúa Íslands undir í veðmáli um sigur sinn.

Hún segist vera allt of stór fyrir Eurovision en ætla samt að vinna hana í fyrsta skiptið fyrir hönd þjóðarinnar, bara til að gera okkur til geðs.

Lostafull ljóðabók

Á föstudaginn kemur út bókin Teardrops of wisdom, sem útleggst á íslensku Tár vискunnar. Bókin mun innihalda fjöldann allan af myndum af stjörnunni auk ljóða eftir hana.

Silvía Nótt segist ekki hafa verið lengi að setja saman ljóðin enda sé hún til jafns söngkona, fyrirsæta og skáld. Hún segist að sjálf-sögðu vera spennt fyrir útkomu bókarinnar en segir jafnframt að auðvitað sé spennan meiri hjá þjóðinni.

Foxí forsiða Silvía er sannarlega falleg, það verður ekki af henni tekið.

Útgáfufélag 365 – prentmiðlar.
Útgefandi Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvín Baldvinsson ábm.
Ritstjóri Breki Logason, breki@hognu.is.
Ritstjörn Berglind Halla Elfuðóttir, berglind@hognu.is, Jón Myrdal,
myrdal@hognu.is, Ragnar Pétursson, ragnar@hognu.is.
Hér & nú Skaftahlíð 24, 105 Rvík, sími: 550 5000.
Fax Auglýsingar: 515 7599 – Ritstjörn: 550 5075.
Netfang Ritstjörn: ritstjorn@hognu.is – Auglýsingar:
auglysingar@hognu.is. Umbrot 365 – prentmiðlar Hilmar Gunnarsson.
Prentvinnsla Ísafoldarprentsmíða. Dreifing Pósthúsið ehf.,
dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta aðsendar
myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagnabókum án endurgjalds.

Skemmtistaðasleikur, rómantik nútímans

Uppruni orðsins liggur nokkuð í hlutarins eðli. Sá sem fer í sleik fyrir framan heil-an skemmtistað, fer í skemmtistaðasleik. Æ oftast sér maður eldheit þör á skemmtistöð-um bæjarins þar sem annar aðillinn gjörsamlega „étur“ hinn. Uppruna orðsins má rekja allt aftur til menntaskólagöngu nokkurra drengja úr Vogahverfinu. Fyrst um sinn hét fyrirbærið ballsleikur en hefur þróast eftir því sem menn eldast, eins og margt annað. Einhvern tíma mun skemmtistaðasleikur heita elliheimilasleikur, þegar menn eru orðnir virkilega gamlir.

Eins og margt annað hefur skemmtistaðasleikurinn sína kosti og galla og maður verður að bera virðingu fyrir fyrirbærinu. Kostirnir eru tvímæla-laust þeir að með því að fara í sleik fyrir framan heilan skemmtistað ertu nánast að tryggja þér dómuna og enginn vafi liggur á því að þetta er eitthvað meira en þaður. Margir hafa þó flaskað á þessu með því að vilja ekki skemmtistaðasleikinn og þannig kannski ekki gert hinum aðilanum ætlu-unarverkið ljóst.

Gallarnir eru að það er ekki mjög töff að „éta“ einhvern fyrir framan hálfan bæinn og oftast en ekki missa menn kúlið, tímabundið þó. Því skemmti- staðasleikur gleymist á augabragði. Ég man til dæmis ekki eftir neinum sem hefur stundað þetta upp á síðkastið. Nema þá kannski feegurð- ardrottninguna fyrrverandi, Ingunni Sigurpálsdótt- ur. Skemmtistaðasleikurinn virðist loða mikið við fegurðardrottningar og hafa fleiri en Ingunn sést innilegar á stöðum bæjarins.

Kostirnir eru því tvímæla-laust fleiri en gallarnir og vil ég hvetja menn til að stunda þetta meira. Skemmtistaðasleikurinn er nefnilega vanmetinn. Vissulega er þetta fyndið í nokkrar mínútur en maður græðir, í flestum til- vikum, mun meira en maður tapar. Nú fer skemmti- staðasleikurinn að verða að málvenju og allir ættu að tileinka sér sleikinn, ekki til þess að sýnast heldur til þess að líða betur. Því þegar öllu er á botninn hvolft er skemmti- staðasleikur rómantik nútímans.

Breki Logason



Bubbi Morthens og nýja kærastan Hrafnhildur Hafsteinsdóttir

ÁST Í SAMTÖKUNUM



Kóngurinn er kominn með drottningu, fegurðardrottningu. Eftir boxbardagann í Kapla- krika um síðustu helgi var Bubbi með nýju kærustunni, Hrafnhildi Hafsteins- dóttur fyrrum fegurstu konu Íslands. Var parið kynnt fyrir vinum og kunn- ingjum. Hrafnhildur hefur lengi þótt glæsileg en hún eignaðist barn í fyrra.

Samband hennar og Bubba hefur far- ið leynt en samkvæmt heimildum Hér & nú kynntust þau í AA-samtökun- um. Bubbi Morthens vildi ekki tjá sig um sambandið þegar Hér & nú náði af honum tali og tók nýja kærastan í sama streng við samtalið. Það dylst þó engum að Bubbi og Hrafnhildur eru stórglæsilegt par.

Ósk Norðfjörð leikur lausum hala

GÆTI ALVEG EINS VERIÐ MEÐ BILL CLINTON



Við erum bara vinir,” segir nýkrýnt bikinímódel Íslands, Ósk Norðfjörð, um vaxtar- ræktarrollið Reyni. Háværar raddir hafa heyrst um samband þeirra á milli en Ósk blæs á allar sögur um meint ástarsamband. „Ég er á lausu og ætla mér að vera það áfram. Ég gæti alveg eins verið með Halldóri Blöndal eða Bill Clinton,” segir Ósk og slær á létta strengi. Reynir er þekktur líkamsræktaður og þjálfar í Gym80 og þykir vera með einn af þeim flottari í þeim bransanum.



Árshátíð flottu búðanna

SNOÐAÐUR KRUMMI

Um síðustu helgi fór fram árshátíð Spúútník, Elvis og Rokks og Rósa. Var hún haldin á Broadway þar sem starfsmenn verslananna horfðu á sýninguna Nína og Geiri með Björgvin Halldórsson í aðalhlutverki. Það sem vakti hvað mesta athygli var ný klipping sonar Björgvins, Krumma úr Mínus. Er strákurinn búinn að snoða sig en hann hefur verið þekktur fyrir sitt síða svarta hár. Vakti hann mikla athygli hjá stelpunum sem voru mjög sáttar með Krummann.




HELGIN SEM LEIÐ Á DJAMMINU


Það var frekar rólegt um að litast í miðborg Reykjavíkur um helgina enda fólk orðið þreytt eftir mikið djamm um páska n a .



Par voru þó einhverjir skemmtanajyrstir, þeirra á meðal **Ásgeir Kolbeins** sem skemmti sér á Hverfisbarnum, NFS-liðarnir **G. Helgi Seljan** og **Oddur Ástráðsson** voru í góðum gir á Prikinu á föstudagskvöldið en þar tók **Seljan** á því og skelti sér í sjómann við bardömunu og vann víst. Hann var svo mættur galvaskur eftir sigurinn á Ölstofuna og spjallaði þar við **Helgu Brögu** en á Ölstofunni sat einnig **Guðmundur Steingrims** úr Kvöldþættinum í góðu yfirlæti með



félögnum og **Hallgrímur Helgason**. Á Kaffibarnum á laugardagskvöld sást glitta í **Jónsa** úr Sigur Rós og **Snæfríði Ingadóttur**. Leikkonan **Elva Ósk** var í góðu stuði á Thorvaldsen. Það vakti furðu fastagesta á Sirkus að **Gísli Marteinn, Elva Dögg Melsted** og **Bolli Thoroddsen**, formaður Heimdallar, mættu þangað hress en þau eru víst ekki von að venja komur sínar þangað.



Krummi í Mínus var líka á Sirkus með nýju greiðsluna og þótti flottur nýkominn af árshátíð second hand búðanna Elvis, þar sem hann starfar, Spúútník og Rokks og Rósa. Þá sást til eins heitasta pars landsins **Brynju Nordquist** og **Pórhalls Gunnarssonar** hönd í hönd á rölti um bæinn og virtust ástfangin upp fyrir haus.

HRINGDU INN FRÉTT OG FÁPU PENING

550 50 70 15.000 kall!

Sástu einhvern frægan gera eitthvað fyndið? Veistu eitthvað sem enginn annar veit? Af hverju ekki að hringja í Hér & nú og fá smá pening fyrir fréttaskot? Fréttaskotssimsvorinn okkar er 550 50 70. Láttu í þér heyrta og þú gætir átt fréttaskot vikunnar og fengið 15.000 krónur fyrir. Ef fréttin fer á forsiðu færðu 5.000 krónur og 3.000 ef fréttin þín ratar inn í blaðið. Láttu endilega í þér heyrta.



FRÉTTASKOT hér&nú



Ína úr Idolinu hætt í skólanum

FLYTUR Í BÆINN

Það er bara allt að fréttá,“ segir Ína úr Idolinu þar sem hún er stódd á hljómsveitaræfingu á Húsavík. „Við erum bara svona aðeins að djamma, ég og strákarnir,“ segir Ína en strákarnir sem eru með henni í hljómsveitinni voru áður í hljómsveitinni Tony's þannig að hægt væri að kalla bandið Ína and the Tony's. „Við verðum að spila 20. maí á Euro-

vision-kvöldi, það er svona fyrsta giggið okkar,“ segir Ína en tekur fram að hún ætli sér að flytja til Reykjavíkur og sækja um í Tónlistarskóla FÍH í haust. „Maður er bara á rúntinum á föstudagskvöldum,“ segir hún um lífið eftir Idolið. „Þetta var alveg rosalega mikil vinna, svo mikil að ég hætti í skólanum,“ segir Ína en hún var í Fjölbrotaskólanum á Húsavík.



Jón Gunnlaugur Viggósson hættur með Právda prinsessunni

Já, það er rétt, ég er á lausu," segir Jón Gunnlaugur, herra Ísland, en hann er hættur með kærustunni, Natöschu Behrens. „Við vorum saman í rúm t ár en þetta var bara ekki að ganga eins og gengur og gerist. Það kemur titlinum ekkert við,“ segir Jón. „Það er bara brjáláð að gera hjá mér. Ég er að flytja inn trampólín og rafmagnshlaupahjól og fullt af öðrum vörum. Maður er nú ekki að flýta sér neitt í annað samband,“ segir Jón Gunnlaugur hress. Natascha fyrrverandi kærasta Jóns Gunnlaugs var ein af stelpunum sem tóku þátt í Právda prinsessunni í tímaritinu Sirkus. Það má segja að Jón sé nú einn heitasti piparsveinn landsins og því segir Hér & nú: Áfram stelpur!



HERRA ÍSLAND Á LAUSU

Andrea Róbertsdóttir

HÆGRI HÖND EINSA B

Hin undurfagra Andrea Róbertsdóttir er komin heim úr Asíuferð sinni. Glóddust margir þegar hún birtist á skjánum á úrslitakvöldi Idolsins. Þar var hún í stuðningsmannapartíi Snorra og þótti standa sig glimrandi vel. Hún er þó ekki á leiðinni aftur í sjónvarpið en er komin með fína vinnu. Andrea er orðin hægri hönd umboðsmanns Íslands, Einars Bárðarsonar, og sér hún meðal annars um mál tengd Ingó Id-olstjörnu. Er þetta mikill fengur fyrir fyrirtæki Einars, Concert.



BLOGG VIKUNNAR *Nylon*

NYLON MEÐ WESTLIFE

Jæja, nú eru tvennir tónleikar af tuttugu og tveimur búnir. Nú var ræs snemma í morgun og beint af stað til Nottingham en þar erum við að spila með Westlife annað kvöld. Annars erum við að fá ferlega mikið af kveðjum að heiman á e-meilin okkar og í símana og fólk er að segja okkur að það sé að fíla nýja lagið okkar, Losing a Friend. Við

erum ferlega glaðar að heyra það því við vorum aðeins nervusar að setja það í spilun heima þar sem það er í fyrsta sinn sem við sendum lag frá okkur á ensku heima á Íslandi. En takk fyrir þessu frábæru viðbrögð!

Kær kveðja Emillía :-)"



Ingó úr Idolinu hress á Hverfisbarnum



TÓK LAGIÐ INNI Á KLÓSETTI

Nú þegar Idol - Stjörnuleitinni er lokið hverfa margar af stjörnum keppinnar sjónum. Það verður hins vegar ekki sagt um hann Ingó sem sló í gegn í keppninni. Náði hann að heilla margar stelpurnar með ómótstæðilegu útliti sínu og fagurri röddu. Margir hafa kallað hann poppstjörnu Íslands. Hvar

sem hann kemur er tekið eftir honum. Um síðustu helgi var hann staddur inni á klósetti á Hverfisbarnum þegar nokkrir drengir reyndu að fá hann til að syngja fyrir sig. Poppstjarna Íslands brást að sjálfsgöðu hin besta við og tók lagið með strákunum, við finar undirtektir viðstaddra.

Íslandsmeistarar- mótið í boxi

FLOTTAR GELLUR Í BOXINU

Íslandsmeistaramótið í Ólympískum hnefaleikum fór fram í Kaplakrika um síðustu helgi. Var vel mætt og hörkubardagar háðir. Það sem vakti þó hvaða mesta athygli voru gellurnar sem gerðu fólki kunnugt hvaða lota væri að hefjast. Gengu þær um hringinn með spjöld og brostu sínu breiðasta. Í útlöndum vekja þessar stelpar alltaf mikla athygli og var engin u n d a n - tekning á því í Kaplakrikanum.



Tai chi – Kung Fu

Hugræn teygjuleikfimi - Heilsumeðferð

Einkatímar - Hópatímar

A horizontal banner advertisement for Tai Chi and Kung Fu classes. It features several images: a person practicing Tai Chi in a park, a person practicing Kung Fu in a studio, and a person receiving a massage. The text is in Icelandic and includes the name of the instructor, Kinnverok Heilsuflíð, and contact information.

Tilboð í grenningarmeðferð – megrunarte – heilsute

Kinnverok Heilsuflíð
Skellarni 3j
Sími 553 8282
www.heilsufrekinn.is

SAGAN ENDALAUSA

Sienna Miller og Jude Law eru enn og aftur byrjuð saman. Sienna flaug til Los Angeles á föstudaginn og hefur verið hjá Jude og börnunum hans fjórum í húsi sem hann leigir í Topanga Canyon. Hún er þó harðákveðin í að vera sjálfstæð og ætlar að flytja frá London, þaðan sem þau hafa búið, til New York. „Hana langar að kaupa sér íbúð þar,“ sagði vinur parsins en það sást til Siennu skoða íbúð í sama húsi og Indiana Jones-stjarnan Harrison Ford býr í.

Sienna átti í sambandi við Hayden Christiansen, sem lék á móti henni í myndinni Factory Girl, áður en hún hvarf aftur í fangeldi á kvinnagullinu Jude.

BANNIÐ BRITNEY AÐ KOMA

Kevin Federline hélt hlustunarparti á næturklúbbnum Pure í Las Vegas síðastliðinn laugardag þar sem hann kynnti nýju plötuna sína, *Playing With Fire*. Það vakti athygli gesta að eiginkona Kevins, Britney Spears, var ekki viðstödd. Kevin mun hafa bannað Britney að mæta þar sem hann var hræddur um að hún myndi taka alla athyglina frá honum á rauða

dreglinum, að sögn heimildarmanna. Britney hafði þó enga hugmynd um að hún væri ekki velkomin fyrr en tveimur tímum fyrir partið þegar Kevin sagði henni það á kaffihúsi þar sem þau fengu sér snæðing. „Þetta olli rífrildi þeirra á milli sem varð háværra eftir því sem leið á máltíðina,“ segir vitni að atburðinum. „Britney hljóp grátandi út af staðnum í miklu uppnámi.“

LESBÍA SÆNGAR HJÁ STJÖRNUM

Leikkonan Jenny Shimizu er þekkt fyrir að hafa berað á sér brjóstin í auglýsingu fyrir Calvin Klein. Hún er þó sennilega frægari fyrir að sofa hjá frægum konum og þykja þær ekki af verri endanum. Hún selur sögur sínar ófæim til slúðurblaða og græðir á tá og fingri. Jenny, sem hefur að eigin sögn átt í 8 ára ástarsambandi við Angelinu Jolie, hefur verið í innilegu sambandi við Rebeccu Loos, sofið hjá Naomi Campbell og segist nú líka hafa sængað hjá Madonnu áður en hún giftist Guy Ritchie. „Það er draumur flestra karlmannna að sofa hjá Angelinu og Madonnu en ég er stúlka og var að sofa hjá þeim báðum – á sama tíma,“ sagði Jenny. „Þær voru báðar stórkostlegar í rúminu og urðu ótrúlega æstar við snertingu frá annarri konu.“ Jenny, sem er bandarísk, af japönskum uppruna,

á nú í ástarsambandi við bresku sjónvarpskonuna Rebeccu Loos en hún er þekktust fyrir að hafa sofið hjá David Beckham. „Mig hafði lengi dreymt um að sofa hjá Madonnu og kvöldið sem við hittumst rættust draumar mínir, aftur og aftur og aftur,“ útskýrir Jenny sem segir að hún hafi verið Madonnu til taks hvenær sem var sólarhringsins. „Hún þurfti bara að hringja og þá fór ég til hennar.“

DENISE AÐ DEITA



Það sást til Denise Richards um helgina á veitingastaði í Kaliforníu kyssa Richie Sambora, gítarleikara Bon Jovi. Denise og Richie standa bæði í skilnaði þessa dagana, Denise var gift Charlie Sheen og Richie var giftur Heather Locklear í 11 ár. Denise, sem er 35 ára, leitaði milkið til Heather þegar hún fór frá Charlie Sheen í fyrra og sást oft með henni úti á lifinu en lætur það þó ekkert stoppa sig í að slá sér upp með manninum hennar. Skilnaður Charlie Sheen og Denise stefnir í að verða einn af þeim ljótari í Hollywood. Hún kærði hann síðastliðinn föstudag meðal annars fyrir að hafa beitt hana og börn þeirra ofbeldi, hóta að láta taka hana af lífi og hafa undir höndum barnaklám. Nálgunar-

bann var í kjölfar- ið dæmt á Charlie en hann má ekki koma nær henni og börnunum en í 150 metra fjarlægð.

„Það sem er að gerast er augljóslega viðurstygilegt, óáfsakanlegt, algerlega tilefnislaust og er bersýnileg og vanþroskuð ófrægingarherferð,“ segir Sheen. „Hún fyllyrðir vissa hluti sem eiga sér enga stoð í raunveruleikanum.“ Denise segist þó einungis vera að hugsa um velferð sína og barnanna.

Alltaf Góðar

Roastbeefpizza ~ Parmaskinkupizza

Grænmetispizza með sólþurrkuðum tómötum

Kjúklingapizza með gullosti ~ Ostaveisla með ribsgel

Valbraut

5 68 68 68

Mjódd

Yesmine Olsson og Addi Fannar

Popparar!

Addi Fannar úr Skítamóral og dans- og söngkonan Yesmine Olsson eiga von á barni. Er þetta þeirra fyrsta barn en þau hafa verið saman í nokkur ár. Glöggir gestir World Class hafa tekið eftir Yesmine með litla kúlu undanfarið. Yesmine er einn helsti danshöfundur þjóðarinnar og hefur einnig verið að syngja og meðal annars gefið út nokkur lög. Addi Fannar hefur slegið í gegn með hljómsveitinni Skítamóral en hann er bróðir umboðsmanns Íslands, Einars Bárðarsonar. Þeir bræður eiga því báðir von á barni, en Einar og eiginkona hans eiga von á barni á allra næstu dögum.

Flott par Yesmine og Addi Fannar eiga vona á barni.

Texti: Breki Logason

POP PARABARN Á LEIÐinni

Bróðirinn Einar Bárðarson, bróðir Adda Fannars, á von á barni með eiginkonu sinni.

LAGERSALA



50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLU!

OPIÐ FRÁ 11-19 ALLA DAGA
Í FELLSMÚLA 28

(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

Í KLÓM KAUPM

Þorsteinn Hreggviðsson, betur þekktur sem Possi á X-inu, lifir góðu lífi í Danmörku

Ég er nú bara heima að læra og bíða eftir því að krakkarnir komi heim," segir Þorsteinn Hreggviðsson sem er búsettur í Valby í Kaupmannahöfn. „Hér er mjög gott að vera og ég er nú bara að klára það sem ég kom til að gera og ætla svo að ákveða hvort ég fer aftur til Íslands," segir Þorsteinn, sem lengi vel var kallaður Possi San í útvarpinu hér heima. Þekktastur er hann fyrir útvarpsþáttinn Í klóm drekans þar sem hann var með Sigmarí Guðmundssyni úr Kastljósinu.

Possi er að læra eitthvað sem kallast „medialogi“ og er mjög „professional“ nám, að hans sögn. „Maður þarf í alvöru að svitna við að læra þetta, en ég tólti þetta áfram í rölegheitunum og stefni á að klára þetta á næsta ári.“

Hannar boli í frístundum

Possi býr með Kristjönu kærustu sinni og tveimur börnum. „Við eigum eina stelpu og svo sextán mánaða rosahressan Dana. Hann er fæddur með yfirvaraskegg eins og allir aðrir Danir og borðar bara rúgbrauð. Hann heitir Hreggviður Loki, sem er létt og auðvelt fyrir Danina. Þeir hlæja að mér þegar ég tala dönsku þannig að nú get ég hlegið að þeim bera nafnið hans fram," segir Possi og hlær.

„Ég er ósköp afslappaður núna og á sumrin reyni ég að vinna ekki neitt vegna þess að ég hef hingað til átt það stutt frí að það borgar sig ekki. Hef reyndar eitthvað verið að gera heimasíður, skrifa smá í tímarit og hanna boli, sem er nú meira bara hobbí. Ég gerði til dæmis hina heimsfrægu Mínsuboli.“

Á bullandi námslánam

Possa líkar vel í Danmörku og keyrir um á ellefu ára gömlum Ford Mondeo sem er í miklu uppáhaldi. „Ég kom heim síðasta sumar og þá var ég bara ennþá í sama partíinu en þetta er allt öðruvísi og afslappaðra hér. Maður er náttúrulega kominn með risafjölskyldu og svona," segir Possi sem er á bullandi námslánam.

„Þeir þarna í KB banka eru alltaf mjög hressir. Málið er samt að þú getur haft það fínt hérna án þess að vera á listanum yfir 500 ríkustu menn í heimi. Þú getur haft það fínt með svona 200.000 kall á mánuði.“

Possi hefur lítinn áhuga á að vinna í fjölmiðlum enda búinn með þann pakka. „Þetta nám sem ég er í er mjög fjölbreytt og viðtækt. Vonandi getur maður farið í að gera eitthvað kreatíft með nýjustu tækni, eins og til dæmis að hanna tölvuleiki, búa til stúr framtíðarhljófæri, gera teiknimyndir, forrita gervilimi eða róbóta, vinna við greiningu eftirlitsmynda, blóðkornamynda eða annarra mynda, og svoliðis stöff. Þetta kemur í ljós síðar. Aðalkrafan sem ég geri er að vinnan og umhverfið séu skemmtileg.“

Ekki týpiskur íslenskur stúdent

Possi segist fylgjast með fréttum og þá aðallega þeim dönsku. „Það eru fin-ir fréttatimar hérna á morgnana áður en ég fer í skólann. En ég fylgist lítið með því sem er að gerast á

Flott Kristjana og Possi í Kaupmannahöfn.



Íslandi, enda hefur slúður aldrei heillað mig. Hvaða karlmaður hefur gaman af slúðri nema hann hafi atvinnu af því?" spyr Possi sem er með það prinsipp að borga ekki meira en 30 krónur fyrir bjórinn á bar.

„Margir Íslendingar sem koma til Kaupmannahafnar finna sig knúna til að byrja að finna íslenskan bar þó það séu hundrað þúsund billjón barir hér, svipaðir og barinn hans Frikka, nema bara ekki með þvottavélum.“

Possi segist ekki vera alveg eins og hinn týpiski íslenski stúdent í Kaupmannahöfn sem liggur á her-

berginu sínu þunnur og fer svo á kollegí-barinn á kvöldin og mætir fjóra daga í viku í skólann. „Það passar bara ekkert í minn lífsstíl. Ég er aðallega með þeim sem eru með mér í skóla og svo á ég svo fína nágranna.“

Veturinn viðbjóður

Possi lítur björtum augum á sumarið. „Það er að hlýna hérna og þetta var mjög fínt um páska-ana. Um næstu helgi verður hitinn kominn upp fyrir fimmtán gráður. Veturinn hérna er samt búinn að vera algjör viðbjóður. Sá kaldasti í tuttugu og fimm ár, en nú er allt farið að blómstra og allt að gerast," segir útvarpsmaðurinn fyrrverandi Þorsteinn Hreggviðsson, sáttur með fjölskyldunni í Kaupmannahöfn.



MANNNAHAFNAR



Í námi Possi er í margmiðlunarhönnunarnámi í Kaupmannahöfn.

„Ég kom heim síðasta sumar og þá var ég bara ennþá í sama partínu en þetta er allt öðruvísi hér. Maður er náttúrulega kominn með risafjölskyldu og svona.“



Fjölskyldan Possi ásamt Kristjönu, kærustunni sinni, og tveimur börnum.



Flottir feðgar Possi og Hreggviður Loki, sextán mánaða.



Fjörufurð Possi með dóttur sinni í fjörufurð í Danmörku.

NÝI ÖKUSKÓLINN

Öll vinnuvélaréttindi
Öll ökuréttindi
Skapaðu þér þitt
eigið góðæri



Nýi ökuskólinn **et** húsinu Klettagörðum 11

S: 588-4500 www.et.is

LÍFSSTÍLL

Unnur Birna sló í gegn á hestasýningu

Alheimsfegurðardrottningin Unnur Birna Vilhjálmstöðir slær ekki slöku við í hestamennskunni. Í síðustu viku tók hún þátt í hestasýningu í Ölfushöllinni rétt fyrir utan Selfoss. Var mikið af fólki mætt til þess að horfa á sýninguna sem var hin glæsilegasta. Ungfrú heimur þeyttist um skeiðvöllinn á hesti sínum með skikkju og minnti á álfaprinsessu úr Hringadróttinssögu.

Glæsileg Unnur Birna var stórglæsileg og minnti á persónu úr Hringadróttinssögu.

Prinsessa!

EINS OG ÁLFAPRINSESSA ÚR LORD OF THE RINGS

Á fleygiferð Fegurðardrottningin flaug um hestabrautina.

Forstjórinn Finnur Ingólfsson fyrrverandi seðlabankastóri var mættur á sýninguna.

Brosmynd Unnur Birna hefur greinilega mjög gaman af hestunum sínum.

Nú er sumarið gengið í garð og ástin leikur við marga landsmenn. Hugmyndir

STJÖRNUSPÁ FYR

Vatnsberi (20. jan.–18. feb.)

Bjartsýnn og fullur af orku
Hugmynd eða innsæi þitt getur skipt sköpum á mikilvægum stundum miðað við stjörnu þína sumarið framundan.



Pú ert fædd/ur til hárrar stöðu í lífinu og þótt þú villist af leið leit- ar þú samt sem áður stöðugt eftir því að endurskapa og upplifa fortíðina.

Bjartsýni einkennir þig og jafnvægi milli efnis/líkama og anda/ tilfinninga er án efa megintakmark þitt um þessar mundir. Þú sækist eftir veraldlegum völdum en ættir að læra að sigrast á efasemdum og svartsýni varðandi þig sjálfa/n og læra að lifa fyrir daginn í dag í stað þess að hafa áhyggjur af morgundeginum. Vertu meðvítuð/meðvitaður um gifurlega orku þína og mátt til að gera hvað sem er úr lífi þínu. Besta leið þín til að spá fyrir um framtíð þína er að skapa hana sjálf/ur.

Fiskur (19. feb.–20. mars)

Virðir valdið en er þrátt fyrir það sjálfstæður

Pú virðir vald og hljóðir því sem er rétt að þínu mati. Þótt þú sért sjálfstæð/ur og framsækin/n í hugsun birtist þú hér afar hefðbundin/n í athöfnum og fólkinu í kringum þig finnst þú ákaflega iðin/n. Þú ert ávallt á ferðinni og situr ekki kyrr. Þú leitast að sama skapi við að upplifa staðfestu í ástarsambandi en ert oft á tíðum óörugg/ur og mættir leggja þig fram við að styrkja hjarta- stöðvar þínar í maí, júní. Hér kemur líka fram að þú átt það

jafnvel til að vera mjög þröngsýn/ n og það virðist tefja fyrir þér svo um munar sumarið framundan. Þú hefur lagt á þig ómældu erf- iðisvinnu til að ná þeim árangri sem þú býrð við í dag. Nú er komið að þér að njóta tilverunn- ar en hættu að traðka á tilfinn- ingum þeirra sem þér finnst eiga það skilið þegar fólkið í kringum þig er annars vegar.

Hrútur (21. mars–19. apríl)

Hættu að horfa stöðugt til fortíðar

Ef þú leitast eftir árangri sumarið framundan ættir þú að sleppa tök- um á fortíð þinni því þú ert bundin/n henni mjög sterkum böndum, oft í gegnum skyldfólk þitt jafn- vel. Þér er gefinn sá eiginleiki að draga fólk að þér þótt þú virðist jafnvel ekki hreyfa þig og kemur það sér vissulega vel með hækk- andi sól þegar viðskipti eru ann- ars vegar. Skilgreindu markmið þín vel og gerðu þér grein fyrir hvaða verkefni færa þig í átt að draumum þínum. Þau geta jafn- vel fjallað um það að afla nýrrar þekkingar, breyta ákveðnum venjum eða efla persónulega eiginleika þína.



Krabbi (22. júní–22. júlí)

Óttastu eingöngu óttann og ekkert annað

Hér kemur fram ótti af einhverj- um ástæðum sem tefur fyrir þér en hann getur kæft lífsgleði þína og byrgt annars mjög snjallt inn- sæi þitt. Tileinkaðu þér að læra að taka áhættu til að proskast og bæta samskipti þín samhlíða breytingum sem verða oftar en

ekki á vegi þínum því þú leitast í sífellu uppi ný og spennandi tæk- i- færri. Þú virðist vera reiðubúin/n að leggja þig fram af alhug í byrjun sumars. En mundu,



andlega þenkjandi og ánægt fólk á ávallt von á því besta og á það vel við fólk fætt und- ir stjörnu krabbans. Tunglið segir þig hafa of miklar áhyggjur í sumar en tunglið er næst jörðinni og hefur þar af leið- andi mikil áhrif á fólk fætt undir stjörnu krabbans þegar mannleg samskipti eru annars vegar. Ótti dregur úr sjálfsöryggi þínu, hafðu það hugfast sumarið 2006.

Naut (20. apríl–20. maí)

Allt er gott í hófi sumarið 2006

Hótfsemi er lyk- illinn að góðu sumri hjá þér. Hér kemur fram tilhneiging þín til að ýta hlutum til hliðar og hætta jafnvel að hugsa um heilsu þína. Þú ert um þessar mundir jafnvel óvirk/ur í ákvarðanatökum varð- andi eitthvert mál sem tengist þér. Þú virðist helst fara þá leið sem krefst minnstrar mótstöðu og bíður oft þangað til eitthvað gerist. Íhugaðu að efla til muna ákvarðanatöku þína og jafnvægi. Þú hefur eflaust nú þegar sent frá þér langanir þínar og mátt vissulega treysta almættinu fyr- ir framvindu mála. Annars getur þú orðið einkar klók/ur við að sjá hvernig aðrir bregðast við liðan þinni á vinnustað/skóla. Þú ræð- ur við hvað sem verður á vegi þínum ef þú aðeins eflir innra jafnvægi þitt. Efldu ónæmiskerfi líkamans og þitt eigið sanna eðli ef þú kýst að ná árangri.



Tviburí (21. maí–21. júní)

Orkan birtist sem skínandi sól

Þú virðist búa yfir mikilli orku eins og skínandi sól sum- arið framundan. Nýttu þér þessa um- tölðu orku til góðverka. Ef þú kærir þig um getur þú svo sann- arlega snúið tapi yfir í ávinning. Fyrirgefning á vel við tvíburann þegar sumarið er skoðað. Hér er komið inn á að þú hugir að tilfinningum þínum gagnvart sálu þinni áður en þú leggur þig fram við að hlúa að fólkinu í kringum þig. Eitt augnablik, þegar þú hefur lesið spána þína, skaltu loka augunum og segja við sjálfa/n þig: Ég viðurkenni mig eins og ég er. Ég er sátt/ur við sjálfa/n mig er lesið spána þína, skaltu loka augunum og segja við sjálfa/n þig: Ég elska sjálfa/n mig. Þetta kann að hljómar sem skryt- ið eða jafnvel asnalegt en veistu, þetta virkar. Sálin þín meðtekur allt sem þú segir við hana og eflist þegar þú segir að þú elskir þig sjálfa/n og sért fullkomlega sátt/ur við hana þrátt fyrir hitt eða þetta. Vittu til!



Ljón (23. júlí–22. ágúst)

Framkvæmdir og forvitni sumarið framundan

Þú birtist hér merkilegur einstak- lingur og hefur að bera ómældu hæfileika og eiginleika sem ná langt út fyrir allt það sem þú hefur þegar gert og upplifað. Í spánni þinni ert þú minnt/ur á að þú lifir á tímum tækifæra þar sem fólk getur náð meiri á- rangri en áður hefði verið hægt að ímynda sér. Þú trúir því að það séu tvær hliðar á hverju máli og



m að stjórnumerkjunum og sjáum hvort heppnin verður með þér í sumar.

RIR SUMARIÐ



Því reynir þú að sjá þær báðar áður en þú kemst að niðurstöðu. Þú kannar, skoðar og greinir þangað til þú veist svarið. Notaðu innsæi þitt betur og oftar. Mikilvægasti eiginleikinn sem þú getur þróað í sumar er í raun eingöngu tilfinning þín um mikilvægi. Styrkur ljónsins er mikill og öflugur í mjög víðum skilningi sumarið framundan. Engin takmörk eru fyrir því sem þú getur gert, verið eða öðlast. Framkvæmdu!

Meyja (23. ágúst–22. sept.)

Jákvæð hugsun og þekking til framfara

Stjarna þín virðist huga og vinna markvisst að vissum málstað og tileinkar sér að ná markinu þótt viðhorf annarra sé annað. Ekki slá hlutunum á frest í sumar, kærma meyjja. Því hraðar sem þú bregst við, því meiri orku hefur þú og því áhugasamari og sjálfsöruddugi verður þú til að takast á við það sem bíður þín. Þú færir án efa frá jákvæðri hugsun til jákvæðrar þekkingar og ferð frá því að óska þér og vona til þess að vera alveg örugg/ur um að geta gert hvað sem þú einbeitir þér að. Þér er ráðlagt að standa föstum fótum í eigin vitund í visdómi óvissunnar en þar munt þú finna frelsi til að skapa allt það sem þú



vanhagar um. Nýtt verkefni hefst í sumar og það leiðir þig í átt að því sem þú þráir.

Sporðdreki (24. okt.–21. nóv.)

Háttvís en mætti virkja sjálfsmatið

Allt sem þú gerir hefur áhrif á hvernig aðrir skynja þig og þess vegna hvort öðrum finnist æskilegt að tengjast þér. Óendanleg tækifæri leita þig uppi og þú munt grípa þau á hraðri leið inn í hamingjuna. Yfirborð sporðdrekans birtist að sama skapi lygnt og brosið á sínum stað. Þú ert háttvís og þægileg/ur í framkomu sem færir þér reyndar óskir þínar á silfurfati. Þú hefur nægt sjálfstraust og innri styrk undir álagi, einkum í starfi þínu, en þú þarft hins vegar að þróa með þér meira sjálfsálit í heildina. Þú ert fær um að fá fólk til að gera allt sem þú kýst að sé gert svo að sjálf/ur þarft þú aðeins að gera það allra nauðsynlegasta.

Vog (23. sept.–23. okt.)



Óskir rætast ef áhuginn er fyrir hendi

Ef þú sýnir óskum þínum áhugaleysi rætast þær aldrei heldur íþyngja

þér, draga þig niður og valda þér sársauka. Ekkert er hlutlaust og allt skiptir máli þegar ástíni er annars vegar. Þótt þú kjósir að þóknast öðrum áttu það til að vera árásgjarn/gjörn en þú býrð yfir sjaldséðum hernaðaranda sem kemur þér á áfangastað. Styrkur þinn er jafnvel dulinn en þú ert fær um að ryðja úr vegi annars óyfirstíganlegum hindrunum ef um er að ræða málstað sem þú virkilega trúir á.

Þér lyndir vel við nánast alla en oft lendir þú í þrætum við aðra vegna hugsjóna þinna sem er ekki neikvætt. Þú birtist hér reyndar á báðum áttum um mikilvægt mál í lífi þínu og ættir ekki að tvístíga varðandi það (júní, júlí).

Bogmaður (22. nóv.–21. des.)

Hugrekki og áhætta framundan

Júpiter gefur þér vald þegar sumarið er skoðað. Þegar kemur að völdum getur góð ímynd virkilega hjálpað til en að sama skapi kemur hér fram að hugrekki þitt færir þér völdin sem þú raunverulega sækist eftir þegar viðskipti eru annars vegar. Þú sýnir hugrekki í mailok með því að vera tilbúin/n að taka áhættu, með því að tala skýrt og valdsmannslega og leggja ríka áherslu á skoðanir þínar. Þeg-



ar þú sýnir hugrekki með því að tala og krefjast þess sem þú vilt, og stendur við það sem þú segir, gefur þú þá mynd að þú sért valdamikil/l. Hafðu hugfast að orð tengjast ávallt tilfinningum. Berðu virðingu fyrir náunganum og sýndu skilning. Ljúktu því sem þarf að gera því að hefur heilnæm áhrif og ekki síður fyrirbyggjandi fyrir þig í alla staði.

Steingeit (22. des.–19. jan.)

Kemur í veg fyrir gremjuefni

Komdu meðvitað í veg fyrir smávægileg gremjuefni ef einhver eru eða kunna að verða. Steingeitin leitar án efa að spennu einhvers konar sumarið framundan sem ýtir undir færni hennar til að takast á við daglegt amstur. Hreinsaðu til og sjáðu hvar umtöluð gremjuefni leyndast eða hindrunin sem þú hefur sjálf/ur skapað í huga þér. Stígðu dansinn í sumar og hugaðu betur að því hvernig þú getur breytt reynslu þinni alfarið í ávinning. Forvarnaraðgerðir geta verið einfaldar og skapa þér án efa ákveðið öryggi þegar viðskipti eru annars vegar. Þú ert lífandi segull sem dregur að þér fólk og ekki síður aðstæður sem eru í samræmi við hugsanir þínar.



KÖRFUKNATTLEIKSSTJÖRNUR FÖGNUMDU FRÁBÆRU ÁRI



Bestur Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, og Friðrik Erlendur Stefánsson, leikmaður Njarðvíkur, sem var valinn bestur.

Körfuboltamenn

Helgi og Jeb Ivey voru góðir á lokahófinu.

Körfuknattleiksamband Íslands hélt lokahóf sitt um síðustu helgi á Hótel Sögu. Þar voru verðlaun veitt fyrir góðan árangur í vetur auk þess sem dansað var fram á rauðanótt. Friðrik Stefánsson úr Njarðvík var valinn bestur í karlaflokki en Helena Sverrisdóttir var best hjá stelpunum. Gísli Einarsson var veislustjóri og heppnaðist lokahófið mjög vel.



Góðar Signý Hermannsdóttir ÍS, María Ben Erlingsdóttir Keflavík, Birna Valgarðsdóttir Keflavík, Helena Sverrisdóttir Haukum og Hildur Sigurðardóttir Grindavík.



Með gítarinn Njarðvíkingurinn Valur Ingimundarson sem nú þjálfar Skallagrím tók lagið.



Gaman Jón Guðmundsson, Sigmundur Már Herbertsson, Kristinn Óskarsson og Guðný Jónsdóttir.

Körfuboltakonur Pálína Gunnlaugsdóttir og Helena Sverrisdóttir úr Haukum.



Efnilegust María Ben Erlingsdóttir var valin efnilegust í vetur.

Lokahóf KKÍ á Hótel Sögu



Flottar Bryndís Guðmundsdóttir, Kara Sturludóttir, Hrönn Þorgrímsdóttir og Ragnheiður Theodórsdóttir.

Veislustjórinn Borgnesingurinn Gísli Einarsson hafði stjórn á veislunni.

Flottir Ólafur Rafnsson, Sarunas Marciulionis fyrrverandi NBA-leikmaður og Hannes Birgir Hjálmarsson.

FENGU ÞRÍJÚ HUNDRUÐ K

**Valgeir Guðjónsson segir
sögur úr bransanum**



Valgeir Guðjónsson
Fékk þrjú hundruð
krónur fyrir fyrsta sumar
Stuðmanna.

BRANSASAGA

„Til dæmis flaug hann eitt sinn til Húsavíkur til að gera upp eftir ball og var ævinlega með Bianco-flösku sér við hlið. Það er einhver ítalskur kvenmannsdrykkur en flaskan var alltaf teipuð hjá honum.“

KRÓNUR FYRIR SUMARIÐ

Fyrsta sumar Stuðmanna eftir að Sumar á Sýrlandi kom út spiluðum við vítt og breitt um landið. Þá vorum við með mikilvirkan umboðsmann, Helga nokkurn Steingrímsson, sem þá var með umboðsskrifstofu ásamt tveimur öðrum mönnum. Hann var sjálfur í hljómsveitinni Haukum og tók þetta eiginlega svona á erlendum forsendum allt saman. Til dæmis flaug hann eitt sinn til Húsavíkur til að gera upp eftir ball og var ævinlega með Bianco-flösku sér við hlið. Það er einhver ítalskur kvenmannsdrykkur en flaskan var

alltaf teipuð hjá honum. Síðar meir tóku fleiri þetta upp og það þótti óskaplega merkilegt að vera með svona teipaða flösku. Þetta er svona svipað og þegar það þurfti að vera með ábreiðu yfir tóbakið í Björk í Bankastrætinu.

Sumarlaunin

Síðan var það alveg ógleymanleg stund þegar við Egill Ólafsson fórum til að ná í gróðann um haustið. Við fórum niður á Ægisgötu þar sem þessi umboðsskrifstofa var og þá fengum við, ef ég man rétt, þrjú hundruð krónur.

Við héldum að við værum að ná í tugi eða hundruð þúsunda en þá var okkur sagt að þetta hefði allt farið voðalega mikið í kostnað. Það er mikið búið að hlæja að þessu en okkur var ekki hlátur í huga þegar við gengum með þrjú hundruð kallinn út í haustnóttina.

Svartar söngkonur

Þetta var mjög skrautlegt sumar hjá okkur. Við vorum með Stuðmenn og svo var Jakob með hljómsveit með Bretum sem urðu margir hverjir frægir síðar meir. Þeir voru með tvær svartar söngkonur. Ég man

alltaf eftir því þegar við vorum í Sjallanum á Akureyri að það kom maður og vildi kaupa nótt með annarri söngkonunni og hann bauð þá, ef ég man rétt, 120.000 krónur sem var alveg feiknalegur peningur í þá daga. Ég hugsa að þú hefðir getað keypt þér notaðan smábíl fyrir þann pening í dag.

Þetta gekk náttúrulega ekkert eftir og við stóðum vörð um siðgæði stúlkunnar. En ég man að hún varð mjög hugsj þegar hún fékk að heyra upphæðina en sagði ekki neitt, en hugsaði líklega sitt."

Texti: Breki Logason og Jón Mýrdal | H&N-mynd: Valli

Semur tónlist

Valgeir hefur samið mörg af fallegustu lögum síðari ára.



Nóg af sögum

Valgeir kann nóg af sögum úr bransanum.



Sumar á Sýrlandi

Eftir að platan kom út hófst mikið spilerí.

EKKI SLÆMT SKEMMTANALÍF Í NÁTTÚRUNNI



Petta er bærinn Hreiðurborg sem búið er að færa í nútímalegt form. Hann stendur í miðju fuglalandi og þess vegna heitir hann þessu nafni," segir Eyþór Arnalds um nýtt heimili sitt og unnustu sinnar, Dagmarar Unu Ólafsdóttur.

„Bærinn stendur við eitt stærsta fuglafríðland landsins, alveg við Ölfusána, og barna eru tugir tegunda fugla og sannkólluð hreiðurborg. Við erum mitt á milli Eyrarbakka og Selfoss og það eru þrír kílómetrar í næsta hús, það má því segja að við búum í mjög rólegu hverfi," segir Eyþór sem er síður en svo hræddur við fuglaflensuna þótt hann búi í

sannkallaðri hreiðurborg.

Eyþór segir þau Unu hafa komið bænum í nokkuð gott stand. „Að grunni til var þetta í góðu standi. Það á samt eftir að taka húsið í gegn að utan en það verður gert í vor.“

Þjuggu saman í London

Síðustu tíu árin hefur Eyþór verið að vinna í fjarskiptum og undanfarið hefur hann veitt fjarskiptafyrirkæjum ráðgjöf.

„Samhliða því hef ég verið að byrja í pólitíkinni hér fyrir austan. Það er greinilegt að Sjálfstæðisflokkurinn er í mikilli sókn á þessu svæði og við erum að fá mjög góðar viðtökur. Síðan er bara að

sjá hvernig þetta fer í vor, það er ekkert öruggt í þessu.“

Eyþór bjó með unnstunni úti í London í fyrra. „Við þjuggum þar saman en komum svo heim um áramótin. Hún var að læra jóga. Við erum búin að prófa að vera í stórborg en maður kann nú betur að meta sveitina og náttúruna.“

Ætlar að fá sér hesta

Eyþór segir fallett á Hreiðurborg og þau Dagmar Una hafa í vetur verið að horfa á norðurljósin sem eru afskaplega skýr á þessu svæði.

„Núna er vorið að vakna og fleiri fuglar að koma. Dagmar

hefur verið að leiðbeina í jóga og fer svo alveg á fullt í það núna í sumar á Selfossi," segir Eyþór sem líður afskaplega vel í sveitinni.

„Maður er alltaf í tengslum við sitt nánasta umhverfi, hvort sem það er í borginni eða sveitinni. Núna erum við nálægt náttúrunni og það er sko ekki slæmt skemmtanalíf.“

Á Hreiðurborg er fjós sem upprunalega var fyrir kýr. „Það á eftir að laga þetta að hestum og við ætlum að fá okkur hross. Ég var mikið í hestum sem barn og unglungur, afi minn ræktaði hesta og ég er að kíkja í kringum mig núna. Það vantar ekki beitolandið

Eypór Arnalds og kærastan keyptu Hreiðurborg fyrir utan Selfoss

„Við bjuggum þar saman
en komum svo heim um
áramótin. Hún var að
læra jóga og kann mjög
vel við sig í sveitinni. Við
erum búin að prófa að
vera í stórborg en maður
kann nú betur að meta
sveitina og náttúruna.“

Gaman í sveitinni
Eypóri og Dagmar líður
mjög vel í sveitinni.

Framhald á
næstu opnu



Sveitin það eru þrír kílómetrar í næsta hús.



Kennir jóga Dagmar, kærasta Eyþórs, kennir jóga á Selfossi.



Erró „Þetta er risa-schnautzer sem er einungis þriggja mánaða. Hann á eftir að verða 50 kíló en er afskaplega góður og fjölskylduvænn hundur.“



Traktor „Ég hef nú ekki ennþá treyst mér í að vera á honum, það eru aðrir sem sjá um það fyrir okkur.“

Jógakennari Dagmar lærði jóga í London.



„Við erum mitt á milli Eyrarbakka og Selfoss og það eru þrír kílómetrar í næsta hús, það má því segja að við búum í mjög rólegu hverfi.“

þarna í kring, allt saman mjög slétt og flatlent,“ segir Eyþór sem er með traktor á bænum. „Þessi traktor sem er inni í fjósi er nú bara forngripur en það er annar fyrir utan sem er í notkun. Ég hef nú ekki ennþá treyst mér í að vera á honum, það eru aðrir sem sjá um það fyrir okkur,“ segir Eyþór og hlær.

Risahundur

Dagmar og Eyþór eiga fallegan hund að nafni Erró. „Þetta er risa-schnautzer sem er einungis þriggja mánaða. Hann á eftir að verða 50 kíló en er afskaplega

góður og fjölskylduvænn hundur,“ segir Eyþór sem er bjartsýnn á vorið framundan.

En er þá ekki næsta mál á dagskrá að fjölga á Hreiðurborg og koma með börn?

„Það er nú ekki komið á dagskrá en það væri ánægjulegt, ég held það sé ekki annað hægt en fagna slíku. Við erum komin hingað til að vera,“ segir Eyþór sem hefur þó einu við að bæta í lokin:

„Það þarf þó skilyrðislaust að tvöfalda og lýsa upp Hellisheiðina, svo samgöngurnar séu nú alltaf í lagi.“



Hreiðurborg Eybór Arnalds og kærasta hans Dagmar Una Ólafsdóttir ásamt hundinum Erró.



Dagmar og Eybór Hamingjusöm á Hreiðurborg.



Allt hvítt Heimili Eybórs og Dagmarar er mjög fallegt.



Viðskiptamaðurinn Síðustu tíu árin hefur Eybór verið að vinna í fjarskiptum og undanfarið hefur hann veitt fjarskiptafyrirtækjum ráðgjöf.



Snævi þakið Mikið land er í kringum Hreiðurborg.

Starfsmenn Flass 104,5 fóru saman í keilu

Flassarar!

Starfsmenn Flass 104,5 skelltu sér saman í keilu síðasta vetrardag. Útvarpsstöðin er ört vaxandi og gríðarlega vinsæl hjá ungu fólki. Nær hún allt frá Keflavík og vestur í Borgarnes. Fjöldinn allur af hressu fólki er með útvarpsþætti á stöðinni og skemmti það sér vel í keilunni. Undir lokin fór partiíð þó að leysast upp í vitleysu og fóru sumir að taka áskorunum. Partíkvikindið Sigurður reif sig úr fötunum og spilaði keilu nakinn við mikinn fögnuð viðstaddra, en Keiluhöllin var troðfull af fólki. Á næstu braut við útvarpsstjórnurnar voru útlendingar sem voru nokkuð hneykslaðir en fóru síðan að taka myndir. Flass 104,5 fór í loftið 2. desember en heimasíðan flass.net er hluti af útvarpsstöðinni. Þar eru allar heitustu myndirnar af djamminu auk þess sem ítarleg dagskrá helgarinnar og fyndnar fréttir blasa við lesendum.

Texti: Breki H&N-myndir: Ómar V

Partíkvikindið
Sigurður
útvarpsmaður fór úr fötunum.



Fella Siggí Annel og Birkir
Snær rifu Sigurð úr fötunum.




Með kúlur í báðum
Sigurður brosti sínu breiðasta þrátt fyrir engin fót.

STARFSMANNAPARTÍÍ

Friður
Útvarpskon-
an Salvör og
kærastinn
hennar, Óli.



Flottir Birkir Snær og
Daði Örn voru hressir í
starfsmannapartínu.



Mosfellströllið Eddi
Pjé og sjálfur Slæarinn
voru eldhressir.



Úps... Frikki Dj Frigore
var ekki alveg með
jafnvægið á hreinu.



...allt í góðu
Frikki var þó
fljótur að standa
á fætur og gerði
grín að dettunni.



Tyggjókúla? Salvör
útvarpskona er nokkuð
liðtækur keiluspilari.



Þ FÓR ÚR BÖNDUNUM

KANNTU AÐ RÍFAST?

Ertu hrædd/ur við rifrildi – eða kannski týpan sem gengst upp í góðum skoðanaskiptum?

Getur þú rifist á greinagóðan og uppbyggilegan hátt?
Svaraðu eftirfarandi spurningum með JÁ, NEI eða KANNSKI.

- 1) Flestar deilur má leysa á rólegu nótunum
- 2) Fólki sem þekkir mig vel finnst ég mjög agressíf/ur
- 3) Foreldrar mínir rifust sjaldan
- 4) Maður á að forðast rifrildi fyrir framan börnin sín og vini
- 5) Ég verð oft pirruð/aður
- 6) Það pirrar mig að ég gleymi oft að efna loforð mín
- 7) Stundum nýt ég þess að vera agressíf/ur og villt/ur
- 8) Ég rifst oft við fólk
- 9) Ég er oft uppspent/ur eða hef maga-/höfuðverki
- 10) Ég finn oft fyrir innri þörf til að skammast eða segja fólk til syndanna
- 11) Með mínum besta vini/vinkonu er það alltaf ég sem er potturinn og þannan í öllu
- 12) Sá vægir sem vitid hefur meira
- 13) Ef einhver gerir mér greiða finnst mér að ég eigi að endurgjalda hann
- 14) Ég berst alltaf fyrir rétti mínum
- 15) Ég hef það prinsipp að semja vel við alla
- 16) Ég ver mig oft, verði ég fyrir gagnrýni
- 17) Það er mikilvægt að sýna háttvísi og diplómatak
- 18) Þegar fólk hefur rangt fyrir sér, þá leiðrétti ég það
- 19) Ég er varkár í umgengni við annað fólk
- 20) Ég verð oft svo reið/ur að ég missi stjórn á mér

	JÁ	KANNSKI	NEI
1)	0	1	2
2)	2	1	1
3)	0	1	2
4)	0	1	2
5)	2	1	0
6)	0	1	2
7)	2	1	0
8)	2	1	0
9)	0	1	2
10)	2	1	0
11)	0	1	2
12)	0	1	2
13)	2	1	0
14)	2	1	0
15)	0	1	2
16)	2	1	0
17)	0	1	2
18)	2	1	0
19)	0	1	2
20)	2	1	0

Gefðu þér stig. Teldu svo saman stigin og lestu hér að neðan hversu mikla hæfni þú hefur til rifrilda.

0–14 stig

Nei. Þú forðast rifrildi og vilt allra helst leysa allt í sátt og samlyndi. Við og við lendir þú í ágreiningi og ósamkomulagi, sem fær þig til að halda niðri í þér andanum, gerir þig dapra/n og fær þig til að draga þig í hlé frá hinum óréttláta heimi, sem ekki skilur þig. Þú leggur að jöfnu ósamkomulag og fjandskap, og kærir þig ekki um slíkt. Sérðu þvinguð/aður út í deilur skýtur þú óþarflega föstum skotum, með neikvæðum afleiðinum að sjálfsögðu.

Rifrildi og ósamkomulag er jafn eðlilegur hlutur og ást og hlýja, og það þarftu að læra. Þú þarft að vera í betra sambandi við tilfinningar þínar og þarfir. Annars kemurðu alltaf til með að leika einhver ósönn hlutverk gagnvart öðru fólk, fela þig bak við grímu,

sem gerir það að verkum að þú upplifir þig framandi og misskilda/inn.

15–28 stig

Já. Þú veist greinilega þó nokkuð um hvernig maður deilir á jákvæðan hátt, þannig að báðir aðilar fái sitt út úr því. Þú getur haldið þig við efnið, gefið skýr skilaboð, hlutlaus og sönn, og gerir það oft, en megnar það því miður ekki alltaf – kannski af því að þú ert hrædd/ur við afleiðingarnar. Þú vilt mun fremur vera ljúf/ur og jákvæð/ur. Með þá sannfæringu gengur þú stundum nærri þolinmæði þinni og ert ekki alveg laus við að forðast deilur. Þrátt fyrir að halda stundum aftur af þér ertu nokkuð nærri því að vera sönn/sannur í samskiptum við aðra, og átt auðvelt með að umgangast deilur.

29–40 stig

Þú heldur hreint ekki í skefjum pirringi þínum og reiði. Þú virðist beina pirringnum út á við og heldur engu til baka. En veðurðu stundum ekki áfram í blindni án þess að gæta að hvað eða hvern þú hittir fyrir? Sitthvað bendir til að þú sért afar fljót/ur til deilna, vilt jafnvel oftast hafa rétt fyrir þér, sem getur gert það að verkum að þú bregst of hart við, missir hlutlægnina, verður ósanngjörn/gjarn í gagnrýni og jafnvel óþarflega ásakandi og særandi, ef þér finnst að þér vegið. Þetta er kannski orðið að lífsmunstri hjá þér, en þetta er ekki rétta leiðin að uppbyggilegum og innihaldsríkum samræðum. Reyndu að draga úr þörf þinni fyrir að hafa alltaf rétt fyrir þér.

HVELLUR *í einum grænum*

Reiðhjólaverslun | Varahlutir | Verkstæði | Allt árið

DISCOVERY

Demparar
18 gíra Shimano



**MIKIÐ
ÚRVAL
AUKAHLUTA**

**6
LÉTT**

**30%
afsláttur**

KILDEMOES Classic Retro

7 gíra
Fótbremsa
Bretti
Bögglab
V-bremis
Standari



**3
LÉTT**

**3 & 6
LÉTT**
vaxtalaugar
léttgreiðslur
í 3 - 6 mánuði



Bubbi byggir
kr.



Baby Born
kr. 3.660



Felix
kr. 3.660

Pýskir hágæða reiðhjólahljálmar frá KED

Prihjól með stöng

Stillanlegt sæti
Handbremsa
Stýristöng



Jafnvægishjól - best í byrjun

Stillanlegt sæti og stýri
Standari



BABY born


Stillanlegt stýri





Rokk og Rósir
Háskraut, 2.400 kr.

Gyllti kötturinn
Dúskahálsmen, 2.200 kr.
Sólgleraugu 1.800 kr.



Skarhúsið
Hálsmen, 1.290 kr.

Frida Thomas
Hálsmen úr kristal,
3.000 kr.



Gyllti kötturinn
Armbönd, 2.400 kr.
Palliettueymalokkar, 1.400 kr.



Gyllti kötturinn
Fjaðraspennur,
1.200 kr.



Spúútnik
Eymalokkar,
900 kr.

Spúútnik
Stjörnuueymalokkar,
1.200 kr.

Gyllti kötturinn
Belti, 3.800 kr.



Spúútnik
Flott ávaxtahálsmen,
1.900 kr.

TÍSKUHOORNID

Fylgihlutir skipta miklu máli þegar maður klæðir sig upp og geta verið punkturinn yfir i-ið. Nú þegar sumarið er á næsta leiti er ekki úr vegi að birgja sig upp af flottum aukahlutum. Hér & nú kíkti í búðir og tók saman það heitasta í fylgihlutum.

Frida Thomas

Hálsmen, 6.800 kr.
Eyrnalokkar, 2.500 kr.
Hvort tveggja úr kóral.

Spúútnik

Sólgleraugu, 1.700 kr.

Skarhúsið

Hálsmen, 1.690 kr.

Frida Thomas

Glerhálsfesti
2.500 kr.

**Ekki bara fyrir
fermingarstelpur!**

Rokk og Rósir

Slaufa í hárið, 700 kr.
Kambur, 900 kr. Spenna
með perlum, 900 kr.

Rokk og Rósir

Hanskar stærri, 2.900 kr.
Minni, 1.500 kr.

Nýjar perur

Tilboð

á 10 tíma kortum
til 10. maí:

4.900 kr

Opnunartímar:
Virkir dagar: 9-23
Laugardagar: 9-22
Sunnudagar: 10-22

Sími: 571 7171

megasól
SUNDBY

megasól er staðsett við Kirkjustétt 2-6 í Grafarholti.



ALVÖRU FÓLK

Feðgarnir og skáldin
Símon Örn og Birgir
Svan lásu upp skáldskap
sinn á Ísafirði

Feðgarnir Símon Örn
Birgisson og Birgir
Svan Símonarson lásu
saman á Langa Manga.

„Pabbi er minn aðalritstjóri
og er ómetanleg stoð og
stytta mín í þessum málum.“

NÁÐI AÐ DRAGA KALLINN UPP Á YFIRBORÐIÐ

Ungskáldið
Símon Örn
Birgisson ætla-
ar að gefa út
smásagnasafn
í haust.



Ég veit það nú ekki alveg, það er allavega ekki skráð neins staðar,” segir ungskáldið Símon Örn Birgisson um það hvort þeir feðgar hafi lesið saman upp skáldskap sinn í fyrsta skipti hér á landi. Símon og faðir hans, Birgir Svan Símonarson, lásu saman upp á Ísafirði um páskana á kaffihúsinu Langa Manga. „Þessi ferð var ótrúlegt ævintýri og ég var eiginlega að uppfylla eð sem ég sór síðustu páska. Pá festist ég á Dynjandisheiði á Ferozu-bifreið minni. Nú er ég hins vegar

kominn á nýja Ferozu og við komumst klakklautst yfir heiðina, vorum reyndar í kapphlaupi við tímann en rétt höfðum það,” segir Símon ánægður með ferðina vestur.

„Upplsturinn tókst frábærliga en hann þurftum við að flytja tvisvar þar sem það var ekki nóg af fólki mætt í fyrri skiptið. Það má samt segja að þetta hafi slegið í gegn í töku tvö.“

Símon las upp smásögu en hann vinnur nú að smásagnasafni sem stefnt er á að komi út

í haust. „Pabbi las upp ljóð úr bók sinni Áningarstaður augnabliksins sem kom út um síðustu jól. Hann kallar sig neðanjarðarskáld en ég hef reynt að draga hann upp á yfirborðið undanfaríð, sem tókst þarna á Ísafirði.“

Birgir Svan, faðir Símonar, er eitt þekktasta ljóðskáld landsins en hann var einn af listaskáldunum vondu sem komu fram í Háskólabíói á áttunda áratugnum, og frægt er. „Hann hefur verið að yrkja neðanjarðar síðustu árin og horfið svoltið undir yfirborðið. Engu að síður hefur

hann gefið út ljóð, barnabækur og unglingskáldsögu. Hann gerir þetta undir sínum merkjum og er engum háður. Ég er mjög stoltur af kallinum,” segir Símon sem einnig er stoltur af móður sinni, Stefaníu Erlingsdóttur, sem er einn helsti stuðningsmaður ungskáldsins.

Þeir feðgar voru mjög heilladír af Ísafirði, en á sama tíma fór fram Rokkhátíð alþýðunnar, Aldrei fór ég suður. „Pabbi er minn aðalritstjóri og er ómetanleg stoð og stytta mín í þessum málum,” segir Símon að lokum.

STRÁKARNIR LEIK

Í liðinu eru menn á aldrinum 17 og upp í 33 ára. Þetta eru menn sem hafa verið að æfa en síðan hætt. Það má eiginlega segja að liðið samanstandi af mönnum sem eiga það sameiginlegt að hafa gaman af fótbolta," segir Þorsteinn Rúnar Stefánsson, þjálfari FC Ice sem er eitt af um 40 liðum sem spila í utandeildinni í knattspyrnu í sumar.

Byrjaði með Tælendingum

FC Ice hefur ekki alltaf heitið það sama. „Liðið hét áður Ísland United en við breyttum því í FC Ice. Það hljómar betur þegar það er kallað inn á völinn.“

Í sumar verða liðin í utandeildinni, eins og áður sagði, um 40 talsins en þau hafa jafnvel verið

enn fleiri, eða allt upp í 50. Og auk þess er önnur deild þar sem spilað er á minni velli með 7 leikmenn úr hvoru liði á völinum.

Það er mikill áhugi fyrir þessari vinsælu íþrótt og því lítið mál að koma upp liði. „Ég startaði liðinu okkar, en utandeildin hefur verið starfrækt síðan 1995. Ég byrjaði í utandeildinni árið 1999 en ekki með þessu liði. Þá var ég með nokkrum Tælendingum. Strákum sem ég hafði þekkt lengi. Þeir eru sumir enn að spila í utandeildinni en ekki í mínu liði.“

Stjórnum þrýtt lið

Rúnar segir það ekki hafa tekið langan tíma að safna í liðið. „Það er svo mikill knattspyrnu-

áhugi að það var ekki mikið mál að safna í liðið. Við höfum ágætis kjarna en það er samt mikið um mannabreytingar í deildinni, menn skipta mikið um lið.“

Á síðasta tímabili lék poppstjarnan Hreimur Heimisson úr Landi og sonum með FC Ice.

„Já, hann var að spila með okkur í fyrra og ég býst við að hann verði með okkur í sumar. Ég var samt að heyra að hann hefði fengið tilboð frá Selfossi. Svo var Heiðar Austmann, útvarpsmaður á FM957, með okkur líka í fyrra en ég held að hann sé genginn til liðs við Í.H. Hreimur og Heiðar eru báðir mjög góðir leikmenn. Heiðar er mjög framsækinn leikmaður en Hreimur spilar meira fyrir liðið.“

Engin sérréttindi

Sem þjálfari þarf Rúnar að sjá til þess að allir séu sáttir og fái að spila nokkurn veginn jafnmikið. „Það borga allir jafnt í keppnisgjöld þannig að ég hef haft það fyrir reglu í liðinu að þótt menn séu einhverjar stjórnur fái þeir engin sérréttindi. Það verður jafnt að ganga yfir alla. En auðvitað stillir maður upp sínu sterkasta liði í byrjun leiks.“

Rúnar segist ekki hafa æft mikið með félögum á sínum yngri árum. „Ég var eitthvað að æfa í yngri flokkunum í KR en ég hætti fljótt, ég nenni þessu ekki. Ég er samt búinn að spila síðan ég var litill, en bara úti á sparkvöllum borgarinnar.“

Knattspyrnuliðið FC Ice hefur senn keppni í utandeildinni á ný. Hér & nú náði tali af þjálfara liðsins, Þorsteini Rúnari Stefánssyni, og kíkti á æfingarleik.



Spáð í spilin á hliðarlínunni Það er í mörgu hron að líta í utandeildinni.



Þorsteinn Rúnar Stefánsson Stýrði liði sínu gegn sterku liði Áreiðni en tapaði naumlega 4-5.



Karlinn í brúnni Rúnar leggur línurnar fyrir leikinn inni í búningssklefanum.

A MEÐ HJARTANU

Lærir á andstæðingana

Rúnar segist ekki spila mikið með liðinu þar sem hann hefur í nógu snúast á hliðarlínunni en það komi þó fyrir að hann taki smá rispu. „Mig langar svo sem alltaf að vera með en einhver þarf að sjá um þetta. Ég mundi nú samt eiginlega bara kalla mig leikstjórnanda.“

Rúnar er ekki með neina sérstaka menntun í þjálfun knattspyrnuliða. „Ég hef nú bara lært þetta af öðrum. Maður bara reynir að fylgjast með hvað er að gerast inni á vellinum. Auðvitað spilar maður alveg Championship Manager og svoleiðis en ég veit ekki hvort það hjálpar neitt í þessu. Það er mikilvægara að þekkja andstæðingana

vel. Ég reyni að sjá eins marga leiki og ég get í deildinni,“ segir Rúnar.

Mikil ástríða

Rúnar segir að hann láti ekki fóboltann ráða lífi sínu þótt það fari oft nærri. „Ég er búinn að kynnast svo mörgum í kringum þetta. Ég nenni ekki að hanga heima ef það er leikur í utandeildinni. Þá vil ég frekar vera á vellinum.“

Rúnar segir utandeildina jafnvel skemmtilegri en Landsbankadeildina. „Ég tek utandeildarleiki fram yfir leiki í úrvalsdeildinni. Það er ókeypis inn, mikið um mörk, ljót mörk, falleg mörk og mikil leikgleði. Margir af leikmönnum í ut-

andeildinni eiga fullt erindi í efri deildir. En hafa margir bara ekki tíma fyrir þetta. Það leynast margar perlur þarna inn á milli.“

Sáttur við litla liðið

„Auðvitað á maður drauma, um að þjálfva einhver stór lið. En fyrir mér snýst þetta aðallega um félagsskapinn, að hafa gaman af þessu og gera þetta með hjartanu. Ég er alveg sáttur með mitt litla lið.“

Mikið er talað um grasekkjur í boltanum. Skyldi vera mikið um þær í utandeildinni?

„Ég á ekki kærustu sjálfur en ég held að þetta sé nú ekki svo nojið í utandeildinni. Þetta er ekki svo mikill tími sem fer í þetta hjá venjulegum leikmanni.

Held að konunum finnist ágætt að losna við karlana smástund í hverri viku. Svo eru þær örugglega ánægðar með að þeir hreyfi sig þó eitthvað.“

Kærasta og titill fyrir þrítugt

Rúnar er 28 ára og segir vera að síga á síðari endann hjá sér í boltanum. „Já, ætli maður fari ekki að draga sig úr þessu þegar maður verður þrítugur. Það væri flott að vera kominn með kærustu og titil um þrítugt,“ segir Rúnar að lokum og hlær. „Annars verður maður bara í þessu eins lengi og maður endist.“

Texti: Ragnar Pétursson
H&N-myndir Hörður

ALVÖRU
FÓLK

„Hreimur og Heiðar eru báðir mjög góðir leikmenn. Heiðar er mjög framsækinn leikmaður en Hreimur spilar meira fyrir liðið.“

HENSON

Stjörnumar Bæði Heiðar Austmann og Hreimur í Landi og sonum hafa spilað með FC Ice.

„ÞAÐ FARA EKKI ALLIR Á KIRKJUGARÐSBALLIÐ...“

Klukkan rúmlega 9 að morgni laugardagsins 7. janúar 1967 hringdi kona á efri hæð húss við Kvisthaga á lögregluvarðstofu og tilkynnti að eitthvað hroðalegt væri að gerast á neðri hæð hússins...

Ógurleg aðkoma

Pegar lögreglan kom á vettvang sáu þeir mann á útitröppunum. Maðurinn var blóðugur. Aðallega á höndunum. Hann virtist drukkin en var þó rólegur. Lögregluþjónarnir spurðu manninn hvað um væri að vera. Sagði hann aðeins: „Þetta er allt í lagi, þetta er búið.“

Pegar inn í húsið var komið blasti við lögreglumönnunum hryllileg sjón. Gólf íbúðarinnar var allt blóði drífið, mest í fremri og innri forstofunni. Slóðin lá inn á baðherbergi þar sem lík konu lá í baðkarinu. Á líkinu voru mörg sár; í andliti, á brjósti og kvið auk annarra staða. Konan hafði verið myrt.

Braust inn

Var maðurinn handtekinn og færður á lögreglustöð. Við yfirheyrslu sagðist maðurinn hafa komið að húsinu við Kvisthaga þar sem fyrrverandi eiginkona hans hafði búið síðustu mánuði, en þau höfðu skilið nokkrum mánuðum fyrr, klukkan átta um morguninn og knúið þar dyra. Eiginkonan fyrrverandi neitaði honum inngöngu og því braut maðurinn rúðu í útidyráhurðinni eftir nokkurt þóf, teygði höndina að lásnunum og gat opnað dyrnar innan frá.

Banastungan

Því næst lenti hann í harkalegri orðasenu við eiginkonuna fyrrverandi og hugðist berja hana og dró upp 30 sm langa eldhússveðu sem hann hafði

tekið með sér. Réðst maðurinn með henni á konuna og veitti fjölda svöðusára.

Frænka morðingjans sem hafði verið gestkomandi í húsinu ásamt dóttur sinni hafði reynt að ganga á milli í árásinni en hann stungið hana í lærið.

Því næst dró maðurinn hnífinn aftur upp og stakk fyrrverandi eiginkonu sína til bana með einni stungu.

Hún hneig örend niður við símaborð í innri forstofunni. Síðan bar maðurinn konuna inn á baðherbergið og lagði hana í baðkarið þar sem lögreglan kom síðan að henni látinni í blóði sínu.

Óhugnanlegar áramótakveðjur

Maðurinn, sem var þekktur lögfræðingur í Reykjavík, hafði verið í ójafnvægi eftir skilnað þeirra hjóna og drukkið mikið. Samstarfsmenn hans sögðu í viðtali við Vísi eftir atvikið að hann hefði virst svoltið sleginn en þeim hefði aldrei dottið í hug að hann mundi sína ofbeldishneigð, „...síst af öllu í þessa áttina“.

Hann hafði þó haft í frammí skuggalega tilburði sem sýndu brenglun hans fyrir morðið. Meðal annars hafði hann kvöldið fyrir morðið setið að sumbli á Naustinu og útteilt áramótakveðjum sem skrifaðar voru á póstkort með mynd af höggmynd Einars Jónssonar, Útlaganum, og bent þeim sem kveðjurnar hlutu á það sem stóð undir myndinni: „Útlægur geng ég einn og vegamóður.“

Á kort sem hann rétti einum gestinum skrifaði hann: „Áramót 66/67. Það fara ekki allir á kirkjugarðsballið í haust sem ætluðu þangað í vor. Áramótakveðjur...“

Óhugnanleg skilaboð

Þetta skrifaði lögfræðingurinn aftan á póstkortið sem hann dreifði kvöldið fyrir morðið.

Brenni 66/67
Það fara ekki allir
á kirkjugarðsballið
í haust, sem ætluðu
þangað í vor.
Áramótakveðjur

Síðan sagði hann við viðtakandann: „Hefurðu tekið eftir þessari mynd – sérstaklega konunni?“

Hótaði að drepa eiginkonuna

Ættingjar eiginkonunnar fyrrverandi töldu að hann hefði áður hótað henni að svipta hana lífi og sögðu að hún hefði farið fram á að hann yrði látinn sæta geðrannsókn en slík beiðni barst aldrei til lögregluyfivalda.

Ýmislegt benti til að lögfræðingurinn hefði ekki verið með réttu ráði um langt skeið. Hafði hann meðal annars sent fyrrverandi eiginkonunni og tengdamóður sinni jólagjafir sem töluðu skýru máli eftir morðið. Hann hafði sent eiginkonunni blóðlitan rýting sem stungið hafði verið í gegnum tusku, hjá hnífnum var brostinn fiðlustrengur og fiðlubogi.

Utan á kassann hafði hann límt umbúðir utan af 1313 bakteríudrepani sápu en klippt

orðið „bakteríu“ frá svo eftir stóð aðeins „drepani“. Einnig lét hann fylgja kort með myndinni af Útlaganum.

Sturlaðist á einverunni

Eftir skilnaðinn var lögfræðingurinn mikið einn og drakk mikið og varð æ undarlegri í háttum. Hann dvaldi meðal annars á Hótel Borg þar sem hann var að sögn gesta mislyndur. Annað hvort var hann hinn þrúðasti í framkomu eða hegðaði sér dólgslega. Drykkjan og skilnaðurinn höfðu rekið hann til sturlunar sem síðan olli hinu hrotalega morði.

Lögmaðurinn hélt því statt og stöðugt fram að hann hefði ekki myrt eiginkonuna fyrrverandi að yfirlögðu ráði. Sagði að hann hefði haft með sér hnífinn til að afhenda henni, þar sem hann væri „biturra“ vopn en sá ryðgaði kuti sem sem hann hafði sent henni áður.

Var morðinginn dæmdur í 16 ára fangelsi.

Kunnur lögfræðingur myrðir fyrirverandi eiginkonu sína

Úrskurðaður í gæzluvarðhald og gæðunæðka — Hefur verið drukkinn á
hríðu minni — Sjúkleg framkoma náttinn fyrir morðið

Sjúkleg framkoma

Blaðafyrirsögn mánu-
daginn eftir morðið.



„Útlægur geng ég einn og vegamóður“ Póstkortið sem morðinginn deildi út kvöldið fyrir morðið.



Vettvangurinn í þessu húsi var morðið hrottalega framið.

Súrrý segir

Naturbrölt

Miðbær Reykjavíkur
„Ungir menn hálfærnulausir af svefnleysi og drykkju æpandi úti á miðri götu.“

HVERNIG FER ÞAÐ MEÐ OKKUR AÐ V

Fjöldi fólks vakir yfir velferð okkar meðan við hin sofum. Ég hef verið að fylgjast með störfum nokkurra náttfræna undanfarið fyrir fréttaskýringarþáttinn Kompás. Það er fólk að störfum við að annast okkur á nóttunni frá fæðingu til dauða. Ég vakti með ljósmóður á fæðingardeild og hjúkrunarfræðingi á elliheimili og manni sem þrífur göturnar eftir svall helgarinnar.

Það eru ólíkar ástæður fyrir því að fólk velur að vinna þegar flestir sofa. Menn eiga miserfitt með að snúa sólarhringnum við en flestir eru þó á því að næturvinna reyni meira á mann en dagvinna og taki töluverðan toll af heilsunni. Ung ljósmóðir full-yrti að næturvinnufólk léti á sjá og eltist mun fyrr en dagvinnufólk.

Sjálf var ég slöpp eftir þessa næturvinnu mína, ónæmiskerfið slappaðist eitthvað og ég fékk kvef og var aumingjaleg á eftir.

Vaknaði rétt fyrir sex

Það var því merkilegt að fylgjast með öllu því fólk sem sjálfviljugt snýr sólarhringnum við helgi eftir helgi. Nú eru skemmtistaðir opnir fram á morgun og „korter í þrjú gæjar“ kallast nú „korter í sjö gæjar“.

Þar sem ég sat í stórum götusóparabíl einn dimman laugardagsmorgun laust fyrir kl. 6 upplifði ég hálfgerð tryllingsástand í miðborginni. Með mér voru Magnús, sem ók bílnum og hefur lengi unnið við að hreinsa miðborgina, og Tómas myndatökumaður.

Við vorum allsgáð og rétt að vakna eftir svefn næturinnar og því skar í augun sú ófagra mynd sem við blásti: Rusl og drasl hvert sem lítið var. Brotin glösu út um allt, matarleifar og bjórflöskur. Ungir menn hálfærnulausir af svefnleysi og drykkju æpandi úti á miðri götu, sumir búnir að týna yfirhöfninni og alveg æstir í að fá

okkur til að skutla sér heim. Maður lá í göturæsinu á Laugaveginum, stúlkur í pinupilsnum drafandi fullar og þreyttar í leit að leigubíl. Margra metra biðraðir við leigubílastöð og pylsuvagna. Ruslið þar í kring minnti á öskuhauga.

Ruglaðar fyllibyttur

Lögreglan hefur oft sagt í fjölmiðlum að það sé óhætt að ganga um götur miðborgarinnar á nóttunni en við vorum nú öll á því að þetta væri með því hættulegra sem maður gerir á Íslandi.

Fólkið á götunum var svo þreytt og drukkið að það vissi ekki hvað það gerði. Ungir, dauðadrukknir menn, einir að ráfa um, voru alveg berskjaldaðir og gátu sér litla vörn veitt ef einhver vildi gera þeim illt. Aðrir voru svo æstir og árásargjarnir að þeir æptu einhverja vitleysu.

Einn ætlaði að troða sér inn í bíl hjá mér, æfur einhverjum ímynduðum bílaviðskiptum sem

við áttum að hafa átt. Hann fór mannavillt í ölvun sinni og það var erfitt að losna við hann þar sem hann hékk hálfur inni í bílnum á ferð.

Við lentum í mönnum sem börðu götusóparabílinn að utan, steyttu að okkur hnefum og öskruðu að okkur ókvæðisorðum. Þeir gátu ekki sýnt þessum vinnandi manni eðlilega tillitssemi vegna þess að drykkja og þreyta höfðu ruglað þá í ríminu.

Dansgólfið autt

Glukkan 6 að morgni er næsti dagur brátt að hefjast hjá flestum en þeir sem eru svona lengi „úti að skemmta sér“ eru enn fastir í gærdeginum. Hvernig verður næsti dagur hjá þeim, hvað eru þau lengi að ná sér eftir „skemmtunina“ og hvernig er fólkið við börnin sín í helgarfríinu eða í vinnunni á mánudagsmorgni? Mér finnst þetta nætur/morgunsukk vera algjört kúltúr-

„Hann fór mannavilt í ölvun sinni og það var erfitt að losna við hann þar sem hann hékk hálfur inni í bílnum.“

Vigdís Finnbogadóttir

„Hún sagði eitt sinn í viðtali sem ég tók við hana að hún tekur einn dag frá til að lesa og hvíla sig.“

AKA Á NÓTTUNNI?

leysi hjá okkur Íslendingum.

Sæmi rokk er með hressari mönnum og hann sagði mér eitt sinn frá því að hann fór með fjölskyldu og vinum á ball með Stuðmönnum. Þau vildu nú ekki koma of snemma á ballið svo þau voru heima fram eftir kvöldi en klukkan 11 héldu þau að nú væri óhætt að skella sér á ballið. En viti menn, þau voru fyrstu gestirnir. Dansgólfið var autt. Flestir mættu ekki fyrr en um klukkan 1. Þarf þetta að vera svona?

Frú Vigdís veit hvað hún syngur

Margar konur kaupa sér rándýr krem sem eiga að draga úr hrukkum, hylja bauga og gera okkur ungar og ferskar. En það er til lítils ef farið er að sofa um miðjar nætur. Hvaða krem getur verið betra en eðlilegur nætursvefn? „Baugabana“ í krukkum eru óþarfi ef maður fer á sæmilegum tíma að sofa.

Það er mikilvægur þáttur í listinni að lifa fallega að láta ekki daginn í dag dragast svo á langinn að hann skemmi næsta dag. Ég þekki fjölmarga listamenn sem eru manna hressastir á góðri stund en kunna að hætta leik þá hæst hann stendur og næsti morgunn er líka uppfullur af skemmtilegheitum.


Vigdís Finnbogadóttir er með glæsilegustu konum þessa lands og lítur stórglæsilega út í dag. Galdurinn við fallet útliit hennar skyldi þó ekki vera að hún passar sig að sofa nóg? Hún sagði eitt sinn í viðtali sem ég tók við hana að hún tekur einn dag frá til að lesa og hvíla sig. Og reynir að fara eitt kvöld í viku mjög snemma í háttinn. Frú Vigdís veit hvað hún syngur.

Fylgist með Íslandi að nóttu til í Kompási sem er í opinni dagskrá á Stöð 2 og NFS á sunnudagskvöldum upp úr klukkan 19.



ÉG MYNDI GERA ÞE

Guðjón Magnússon drýgði mikla hetjudáð fyrir tæpum tveimur árum þegar hann steypði fullhlöðnum 28 tonna vörubíl fram af einbreiðri brú yfir Laxá á Dölum við Búðardal til að bjarga fjögurra manna fljólskyldu.



Gríðarlegt fall Það þótti kraftaverki líkast að Guðjón lifði fallið af.

„Ég sá svartan jeppa og skelfingarsvipinn á konunni. Ég hugsaði bara um að reyna að koma mér hurt frá bílnum og forðast að stofna lífi þeirra í hættu.“

Óhugnanleg aðkoma

Hús trucksins féll saman bílstjóramegin, en það var Guðjóni til happs að hann var ekki í belti og hentist yfir í farþegasætið á meðan bílfreiðin hrapaði.



TTA AFTUR



Bítur á jaxlinn Guðjón segist oft vera mjög aumur eftir slysið og þurfa á mikilli sjúkraþjálfun að halda.



Í dag Guðjón starfar enn hjá Borgarverki og keyrir vörubíl daglega.

Nei, ég heyrði aldrei í þeim," segir Guðjón Magnússon sem steypti fullhlaðinni, 28 tonna vörubifreið sem hann ók fram af einbreiðri brú fyrir tveimur árum. Með því að gera það bjargaði hann fjögurra manna fjölskyldu frá dauða. „Reyndar hitti kona sem ég þekki manninn sem var í bílnum í veiðihúsi um daginn. Hún sagði mér að hann hefði spurt hvernig mér líði.“

Sá skelfingarsvip konunnar

Guðjón slapp ótrúlega vel miðað við aðstæður því bifreiðin steyptist tólf metra niður og húsið lenti í stórgrýttum árfarveginum og féll saman undan gríðarlegum þunganum. Þetta

sagði hann í viðtali við DV eftir slysið: „Ég sá svartan jeppa og skelfingarsvipinn á konunni. Ég hugsaði bara um að reyna að koma mér burt frá bílnum og forðast að stofna lífi þeirra í hættu. Ég rakst aðeins utan í bílinn og keyrði í gegnum vegriðið.“

Guðjón braut ekki bein í fallinu og hóf aftur störf eftir tveggja vikna hvíld. „Ég vildi byrja aftur eins fljótt og hægt var svo maður yrði ekki hræddur. Ég er enn hjá Borgarverki," segir hann.

Heppinn að lifa af

Núna tveimur árum síðar er Guðjón enn að keyra hjá Borgarverki þótt hann geti ekki beitt sér að fullu vegna slyssins. „Ég

get ekki gert allt. Ég fæ verki ef ég beygi mig og svoleiðis. Bakið og hálsinn fóru verst út úr þessu. Þetta voru einir tólf metrar sem ég féll niður, þetta er ekki eitthvað sem maður biður um.“

Guðjón segist, þrátt fyrir verkina sem hann mun kannski aldrei losna við, alls ekki sjá eftir að hafa steypt bílnum. „Nei, ef ég hefði ekki gert það væri ég ekki meðal fólks í dag ef ég þekki mig rétt. Ekki ef ég hefði drepið þetta fólk.“

Ég var auðvitað mjög heppinn að lifa, en ég mundi örugglega gera það sama aftur undir sömu kringumstæðum.“

Bítur á jaxlinn

„Ég get gert margt. En ég

má ekki reyna mikið á mig, þá þreytist ég mjög fljótt. Ég er búinn að vera að fara til læknis og þarf að fara í mikla sjúkraþjálfun. Þetta er bara ennþá í kerfinu, með bæturnar og það allt.“

Guðjón vinnur mikið þrátt fyrir eymslin. „Það er bara svo mikið að gera hjá mér að maður kemst ekki nógu mikið í þjálfun. Maður verður víst að eiga í sig og á, þannig að ég bara bit á jaxlinn þangað til.“

En ætlar hetjan ekki bara að skella sér í skóla?

„Nei, ég held ég láti bara skóla lífsins duga, í bili allavega," segir Guðjón að lokum og brosir.

Rútu-Pétur rekur tvær af þremur hljómsveitarútum landsins

Ég var beðinn að koma í fjögurra daga hljómsveitarferð með Skítamóral árið 1998. Ég var mættur einum og hálfum tíma síðar fyrir utan Ingólfskaffi og þá var ekki aftur snúið," segir Pétur A. Reynisson, eða Rútu-Pétur eins og hann er ávallt kallaður. Pétur er með eina frægustu hljómsveitarútu landsins, Eðluna, auk þess sem hann stefnir að því að kaupa „Good night train“ af systur sinni á næstu dögum.

„Ég og pabbi keyptum rútuuna fyrir fjórum árum og reku þetta sjálfir," segir Pétur, sem var fyrst um sinn aðeins með hljómsveitina Skítamóral á sínum snærum. „Ég var að vinna hjá Allrahanda á þessum tíma og þeir áttu gömlu rútuuna sem ég er með núna. Þetta var fint og síðan var ég með alveg þangað til þeir stoppuðu, var hluti af svona átta manna hóp," segir Pétur en eftir þetta tóku við ferðir með Írafár næstu þrjú árin. Í dag er Pétur með Á móti sól, sem er aðaluppistaðan í sveitaballabransanum.

Keyrir póst á daginn

„Það er rosalega gaman að vinna með Á móti sól og það er eitt af þeim böndum sem er gaman að keyra með. Það verður aðalbandið í sumar og svo veit ég ekki hverjir koma inn. Það gæti verið að Oxford yrði heitt en ég fór eina ferð með þeim í fyrra," segir Pétur, sem hefur unnið með flestum hljómsveitum sem hafa verið að spila frá árinu 1998.

Þegar Pétur er ekki að keyra hljómsveitir er hann að keyra póst á milli húsa í Reykjavík. „Ég er á stóra bílunum hjá póstinum og við erum að flytja húsgögn fyrir Rúmfatalagerinn og ýmislegt. Þetta er svolítið lýjandi og það fer stór hluti af sólarhringnum í þetta," segir Pétur.

Rúturnar eru búnar kójum þannig að fólkíð í kringum bílstjórnann er mikið sofandi þegar hann er að keyra. „Maður er svolítið einn í þessu og þegar böllin eru þá fer maður inn í kóju og leggur sig.“



Bílstjórinn Pétur A. Reynisson keyrir helstu hljómsveitir landsins.

Sefur á böllum

Pétur er því ekki mikið á böllunum og tekur starf sitt greinilega alvarlega. „Ég er búinn að keyra Svört fót þrisvar eða fjórum sinnum og ég held ég geti fullyrst að ég hafi ekki séð þá á balli. Maður sér strákana yfirleitt á daginn þegar þarf að keyra þá í sund og í mat og svona. Mesti frítíminn fer í að leggja sig," segir Pétur sem á sjaldan frí. „Ég átti eina helgi frí síðasta sumar, þá fékk ég pabba til að keyra fyrir mig í steggjaferð. Svo leigði ég sumararbústað með fjölskyldunni í hálfan mánuð og þurfti að keyra báðar helgarnar. Það má því segja að ég sé upptekinn allar helgar frá í maí og fram í septemberlok.“

Poppbransinn breyst

Pétur segir poppbransann hafa breyst mikið á þeim átta árum sem hann hefur verið í þessu. „Böndin sem ég er með eru að eldast og þetta eru mestmegnis fjölskyldumenn núoríð. Það var meira fjör í þessu til að byrja með en hefur róast mikið. Nú hafa menn átt að sig á því að þetta er vinna," segir Pétur sem fór hringinn með Utangarðsmönnum á sínum tíma.

Sveitaballamarkaðurinn hefur líka breyst rosalega mikið. „Sveitaböllin eru færri og keyrslan hefur minnkað. Þegar ég byrjaði voru átta rútur en nú eru þrjár hér á landi. Það hefur samt verið aukning í bílunum síðustu árin, fyrirspurnirnar hafa allavega aukist.“

Nokkur bönd sem Pétur hefur keyrt



Nylon



Skítamóral



Oxford



Írafár



Í svörtum fötum





SEFUR MEÐAN BÖNDIN SPILA

Bilstjórinn!

**„Ég er búinn að keyra
Svört fót þrisvar eða
fjórum sinnum og held
ég geti fullyrt að ég hafi
ekki séð þá á balli.“**

Sér allt Pétur segist keyra
mikið einn þegar allir sofa.

GENG EKKI UM Á BLEIKU SKÝI

Guðfinnur Sigur-
vinsson er nýr
fréttamaður á RÚV



Nýr fréttamaður

Guðfinnur Sigurvinsson
nýr fréttamaður á RÚV.

*„Mér fannst eiginlega skrytnara
að heyra röddina mína í útvarpinu
en að sjá mig í sjónvarpinu, það
var miklu kjánalegra en hitt.“*

Ég er úr Reykjanesbæ, var í Menntaskólanum á Akureyri en hef búið í Reykjavík síðan þá," segir hinn 28 ára gamli Guðfinnur Sigurvinsson, nýr fréttamaður á fréttastofu ríkissjónvarps. Guðfinnur hefur vakið mikla athygli á skjánum og er eitt af nýju, fersku andlitunum á fréttastofunni.

„Ég er að klára stjórnálafræðina í Háskólanum þar sem ég er að skrifa lokaritgerð um málskotsrétt forseta Íslands. Það er mjög spennandi enda ákvæði sem margir héldu að væri dauft en lifnaði svo við. Ég er að skoða þetta í sögulegu samhengi," segir Guðfinnur sem er þó ekki allsókunnur Ríkisútvarpinu.

Í viðskiptafréttunum

„Ég byrjaði síðasta vor á fréttastofu útvarpsins og var á næturvöktunum til að byrja með, það kom svo til í haust að ég fór yfir í sjónvarpið. Ég kann ágætlega vel við mig bæði í útvarpi og sjónvarpi. Þetta er tvennt ólíkt en áhugavert og gaman. Það er líka spennandi að hugsa um hlutina frá myndrænu og hljóðrænu sjónarhorni.“

Guðfinnur segist leggja mikla áherslu á að vinna fréttirnar vel og segja satt og rétt frá hlutunum. „Mér fannst eiginlega skrytnara að heyra röddina mína í útvarpinu en að sjá mig í sjónvarpinu, það var miklu kjánalegra en hitt.“

Guðfinnur ætlar að vera á RÚV í sumar og vonandi eithvað lengur að hans sögn. „Mér finnst gaman að fara í fjölbreytt mál. Ég hef verið mikið í viðskiptafréttum og mér finnst það mjög spennandi. Það er eithvað sem ég var ekkert búinn að velta mikið fyrir mér áður en hef verið að setja mig inn í hlutina," segir Guðfinnur og bætir við:

„Þetta er lítið hagkerfi og því meira spennandi en margt annað, svo er líka gaman að fjalla um eithvað sem má kalla lífið í landinu.“

Móður og mäsandi

Guðfinnur fór um daginn og hitti gamalt fólk á þorralóti sem gaf honum mikið. „Það er frétt sem mér þykir mjög vænt



Að klára skólann
Guðfinnur er á fullu í lokaritgerðinni.

um en er kannski ekki fyrsta frétt. Þetta er bara svo lýsandi fyrir það sem er að gerast í umhverfinu og ég hef gaman af þess konar fréttum líka.“

En hefur Guðfinnur ekki lent í einhverju skemmtilegu á fréttamannaferli sínum?

„EKKI í sjónvarpinu en eitt sinn þegar ég var á næturvakt í útvarpinu bilaði prentarinn og ég ætlaði aldrei að ná fréttunum út. Síðan heyrði ég bara að fréttastefið fór í gang og ekkert gerðist. Loksins náði ég fréttunum út og hljóp eins og fætur toguðu inn í hljóðverið. Ég held ég hafi náð að lesa eina og

hálfu frétt því ég var svo móður og mäsandi," rifjar Guðfinnur upp en hann vonaði að enginn væri að hlusta.

EKKI frægur

„Það vildi þó þannig til að vinkona mín var akkúrat að hlusta á Reykjanesbrautinni og hringdi í mig skellihljæjandi, þetta var svo hræðilegt að ég gat ekki einu sinni hlustað á það eftir á," segir Guðfinnur sem þó hlær að þessu í dag.

„Ég er nú bara hamingju-samlega einhleypur, eins og einn góður vinur minn sagði," segir Guðfinnur þegar hann er

spurður út í hjúskaparstöðu sína.

En er hann orðinn þekktur í samfélaginu?

„Ég finn ekki fyrir neinu áreiti og maður gengur ekkert á neinu bleiku skýi þó maður sé í sjónvarpi. Það er nú aðallega bara vinir og fjölskylda sem eru að tala um þetta.“

Guðfinnur segir fólkið á fréttastofunni frábært og kann mjög vel við yfirmann sinn, Elínu Hirst. „Hún er góður stjórnandi og liðsmaður sem stendur með sínu fólki. Ég er ekkert bara að segja þetta því hún er yfirmaður minn, hún er alveg frábær.“



Flippuð!

Í góðum félagsskap Landbúnaðarráðherrann fagnaði opnun Kriunnar með Herði og Maríu.

Foreldrar Davíðs Smára opna sveitakrána Kríuna

MÆTTI SEGJA AÐ VIÐ SÉUM SVOLÍTÍÐ FLIPPUÐ

Það var múgur og margmenni við opnun sveitakrárinnar Kriunnar á dögunum. Það eru foreldrar Davíðs Smára Idolstjörnu sem reka krána en þau eru miklir áhugamenn um íslenska hestinn. „Þetta er svona sveitakrá til að mæta kröfum hestamanna,“ segir María eigandi og hlær og greinilegt er að hér er á ferðinni glaðlynd kona. „Við erum staðsett svona sirka þrjá kílómetra austan við Selfoss og kráin er nánast í göngufæri frá bænum. Það er mikið af hestamönnum á Selfossi og þetta er alveg tilvalin áning fyrir fólk í útreiðartúr. Þetta er svolítið grófur staður en fólk getur bara mætt í hestagallanum og við erum með góða aðstöðu fyrir hrossin sem við getum bæði tekið inn og svo er gerði hérna fyrir utan,“ segir María greinilega sátt með sveitakrána.

Seldu allt sitt

„Við fluttum hingað fyrir einu og hálfu ári frá Reykjavík en við seldum allt okkar og erum búin að vera að byggja okkur hús hérna. Það var svo mikið rými þarna úti að við ákváðum að kýla á að opna svona alvörusveitakrá. Karlinn er búinn að gera þetta allt sjálfur,“ segir María sem er alsæl í sveitinni. Hörður, faðir Davíðs Smára, vakti mikla athygli þegar hann mætti í dragi til að styðja soninn í Idolkeppninni á sínum tíma. „Það mætti segja að við séum svolítið flippuð,“ segir María og hlær.

Landbúnaðarráðherra mætti á svæðið

Það mættu margir á opnunina og lét Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra sig að sjálfsgöðu ekki vanta frekar en Maggi Kjartans en hann er annálaður hestamaður. Davíð Smári og Maggi Kjartans tóku saman lagið við mikinn fögnuð og segja menn að þar sé á ferð fluttur dúett. „Við erum byrjuð að undirbúa að geta tekið fólk í gistingu þannig að þetta er allt að koma hjá okkur,“ segir María en Krían tekur um 50 til 70 manns í sæti þannig að það ætti að geta farið vel um alla.



Mættu bara í hestagallanum Krían er alvörusveitakrá og fólk getur bara mætt í hestagallanum og skilið hestinn eftir fyrir utan.



Sæt saman Davíð Smári og konan hans María Sveins.



Davíð og Maggi Maggi Kjartans og Davíð Smári tóku lagið saman.



Guðni ráðherra Guðni Ágústsson mætti á sveitakrána og var í góðu stuði.

Gæðahreinsun – góð þjónusta Þekking • Reynsla • Þjónusta

Skyrtupvottur / Dúkapvottur / Heimilisþvottur

Hreinsum einnig sængur

Opið

mán-fim 8:00 - 18:00 • föst 8:00 - 19:00 • laugardaga yfir vetrartíma 10:00 - 13:00



Söngleikurinn Footloose settur á fjalirnar í fyrsta skipti í Skandinavíu

BANNAÐ AÐ DANSKA

Flottir dansarar
Guðmundur Elías,
Maks og Ísak.



Æfingar á Footloose eru nú farnar af stað en söngleikurinn verður frumsýndur í Borgarleikhúsinu í júní. Góður hópur fólks sér um uppsetninguna en leikstjórn er í höndum Unnar Aspar Stefánsdóttur, tónlistarstjóri er Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, danshöfundur er Roine Soderlundh en Gísli Rúnar Jónsson sá um þýðingu verksins. Með hlutverk fara meðal annars Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Halla Vilhjálmisdóttir, Jóhann Sigurðsson, Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, Jörundur Ragnarsson og Aðalbjörg Árnadóttir.

Hér & nú kíkti á æfingu og náði tali af nokkrum flottum strákum sem dansa í sýningunni.

Striddi strákunum í samkvæmisdönsum

Guðmundur Elías Knudsen, sem er 32 ára, byrjaði tvítugur að dansa og hefur því dansað í

12 ár. „Ég var í Hollandi að læra dans í fjögur ár í listaháskóla, það var í raun allt nema samkvæmisdansar. Þegar ég var yngri var þeim frekar strítt sem voru í samkvæmisdönsum. Ég var í ballett og strákar reyndu nú eitthvað að stríða mér en það var aðallega ég sem var að stríða strákunum í samkvæmisdönsum.“

Þetta er fjórði söngleikurinn sem Guðmundur tekur þátt í en hann var meðal annars í Sól og Mána og tekur þessa dagana einnig þátt í Carmen í Borgarleikhúsinu þar sem hann er fastráðinn hjá danshópnum.

„Það er ekki ennþá búið að velja í aukahlutverkin en mig myndi mest langa til að vera Tony, vondi strákurinn, því hann á mótörhjól, mig langar í mótörhjól,“ segir Guðmundur og hlær.

Dansinn varð ofan á

Ísak Halldórsson Nguyen,

sem er 24 ára, hefur verið á fullu í dansinum í 20 ár. „Ég var nú bara settur í samkvæmisdansa þegar ég var fjögurra ára og fékk svo sem engu um það ráðið en svo kom áhuginn og þetta varð ofan á eftir að ég hafði prófað ýmislegt annað eins og fótbolta, körfubolta, tennis og hestamennsku.“

Þetta er fyrsti söngleikurinn sem Ísak tekur þátt í. „Ég horfði oft á myndina [Footloose] þegar ég var yngri og fannst hún skemmtileg,“ segir Ísak en hann kennir einnig samkvæmisdansa í dansfélaginu Hvönn.

Funheitur frá Rússlandi

Maks Petrov, 26 ára, sem hefur búið hér á landi síðan í september í fyrra er frá Rússlandi. Hann hefur dansað í langan tíma og flutti til landsins þar sem hann átti íslenskan dansfélagi og kepptu þau saman fyrir Íslands hönd á mótum erlendis í

suðuramerískum dönsum. Maks fellur vel við land og þjóð og þykir blaðamanni afar líklegt að það sé gagnkvæmt, í það minnsta hjá kvenþjóðinni.


Maks er mjög ánægður með danshöfundinn, Roine Soderlundh frá Svíþjóð, og finnst mjög gaman að vinna með honum. „Það hefur gengið rosa vel hjá dönsurunum á æfingum og allir eru að standa sig rosalega vel. Svo er líka svo góður mórall hjá okkur,“ segir Maks með bros á vör.

Svínvirkar

„Footloose verður pottþétt mjög vinsælt í sumar. Þetta er rosalega góður hópur og Unnur Ösp er skemmtilegur leikstjóri. Svo var hérna flottur danshöfundur. Það er líka frábær tónlist svo þetta á eftir að svinvirka,“ segir Guðmundur Elías og strákarnir eru sammála honum þar.

Hressir strákar
Strákarnir æfa dans-
sporin í góða veðrinu.

Fótalausir!



Fótafimi Krakk-
arnir tóku sig vel
út á æfingunni.

Nana úr Idolinu stofnar hljómsveitina The Nanas og leitar að hljóðfæraleikurum

KÆRASTAN MÍN ER KRAFTAVERKAKONA

Ég lærði mjög mikið í framkomu og ég tala nú ekki um söngtímana hjá henni Kristjönu Stefánsdóttur sem hjálpuðu mér mjög mikið,” segir Guðrún Lára Alfreðsdóttir um kynni sín af Idolinu. Guðrún Lára, sem oftast er kölluð Nana, endaði í sjöunda sæti keppinnar og vakti mikla athygli fyrir frísklega framkomu. „Það sem kom mest á óvart var eiginlega hvað við stóðum mikið saman og hrósuðum hvert öðru. Ég, Ána og Sara náðum mjög vel saman. Ég var einnig með Snorra og Alexander í undanúrslitunum og þeir reyndust mér vel,” segir Nana sem fer fögrum orðum um hinn harðskeytta Bubba Morthens. „Bubbi var nú alltaf frekar góður við mig. Ég er búin að kynnast honum betur eftir keppnina og þetta er frábær maður, rosalega heilsteyptur og gefur góð ráð, magnaður karakter.“

Ánægð með sjöunda

Nana var ekki mikill aðdáandi Idolsins áður en hún tók þátt. „Ég var í raun mjög mikið á móti þessum þætti og fór í þetta í einhverju kæruleysi. Þetta var smádjókur hjá okkur vinkonunum að stofna Idolklúbb á Austurvelli síðasta sumar því okkur fannst þessi þáttur ekkert æðislegur. Svo datt okkur í hug að þetta yrði skemmtilegra ef ein af okkur væri að keppa. Ég sló til, skráði mig og komst svo bara svona langt. Skoðun mín á þættinum breyttist strax og

þetta er frábær þáttur sem gerði mjög mikið fyrir mig,” segir Nana sem er rosalega sátt með að hafa endað í sjöunda sæti.

„Ég efast ekki um að ef ég hefði spilað leikinn öðruvísi hefði ég náð lengra. Ég leit aldrei á þetta sem keppni heldur bara stökkpall til að kynna mig. Sjöunda sætið hentaði mér mjög vel því nú er ég frjáls og get gert nákvæmlega það sem mig langar til.“

Kærastan trommar

Nana hefur nú stofnað hljómsveitina The Nanas ásamt Disu, kærustunni sinni, sem spilar á trommur. „Fyrsta lagið er að fara í spilun núna í lok vikunnar. Þetta er svolítið svona Pink/Madonna og ólíkt því sem aðrir eru að gera hér á landi, svolítið svona útlenskt,” segir Nana en lagið samdi Kristján Grétarsson ásamt stráki sem heitir Hlynur. Lagið heitir I loose my mind. „Dísa er trommuleikari í Brúðarbandinu og semur með mér textana og svo er Unnur líka úr Brúðarbandinu að spila á bassa,” segir Nana en stelpurnar vantar gítar- og hljómborðsleikara.

Nana og Dísa hafa verið saman í nokkurn tíma og hefur Nana mikla trú á kærustunni sem lemur húðirnar. „Hún er sko undra slagverksleikari, algjör kraftaverkakona.“

Filar Kelly Clarkson

Nana segist vera með mjög



Ástfangnar Dís og Nana eru að leita að hljóðfæraleikurum í hljómsveit sína.

breiðan tónlistarsmekk. „Ég hlusta mikið á djass og svo Madonnu og Pink en það er það sem mig langar að gera. Áður hlustaði ég líka mikið á Sigur Rós, Múm og Eivör Pálsdóttir er minn uppáhaldstónlistarmaður. En eftir Idolið færði ég mig mikið út í poppið, mér finnst til dæmis nýi diskurinn hennar Kelly Clarkson alveg frábær,” segir Nana og hlær.

En hvað er Nana að gera dagsdaglega?

„Ég starfa nú bara sem söngkona núna og það er mjög mikið að gera hjá mér. Núna er ég aðallega í skírnum og brúðkaupum en ætla ekki að vera í því lengi. Svo er ég að vinna fyrir lagahöfunda með tvö lög sem koma út á plötu í sumar,” segir

Nana sem ætlar þó að keyra á landann með hljómsveit sinni í sumar.

Á að meika það?

„Já, við ætlum að reyna það hvenær sem er. Hvort sem það tekur mánuð eða tíu ár, þá ætlum við að vinna hörðum höndum að því.“

Langar þig í hljómsveit?

The Nanas leitar að gítarleikara og hljómborðsleikara. Gítarleikarinn þarf að geta hoppað upp á mónitorinn, farið úr að ofan og tekið sóló fyrir stelpurnar. Gott væri ef hljómborðsleikarinn kynni á synþa og að sampla. Áhugasamir sendi Nönu meil á gudrun.idol3@visir.is.

Nönurnar!

„Ég var í raun mjög mikið á móti þessum þætti og fór í þetta í einhverju kæruleysi.“

The Nanas Unnur, Dísá og Nana eru flottar stelpur.

Fyrsta lagið „Fyrsta lagið er að fara í spilun núna í lok vikunnar.“



Siggi stormur talar um svínakjöt, jeppa og orgel

Getur ekki unnið einn

1. „Get ekki unnið nema innan um fólk – helst mikið af fólk. Þegar ég kláraði mína fyrstu háskólagráðu fór ég að starfa við rannsóknir. Var einn með minn kontór, með fullt af bókum, rannsóknartækjum og alles, og ég entist í sex mánuði – gafst upp. Get alls ekki unnið einn og yfirgefinn. Þarf fólk, og helst mikið af því, í kringum mig. Þá líður mér vel.“

Borðaði svínakjöt fyrst 35 ára

2. „Smakkaði fyrst svínakjöt þegar ég var 35 ára (er nú 39).

Þetta olli mínu heimilisfólki alltaf vanda á jólnunum, bæði á uppvaxtarárum og hjá fjölskyldu minni í dag. Ég er alltaf einn með sérreittamatseðil – en fjölskyldan með svínahamborgarhrygg. Nú get ég borðað grískkjöt.“

Spilar á mörg hljóðfæri

3. „Ég spila á allmörg hljóðfæri. Lærði reyndar á orgel en spila auk þess á harmóníkku, munnhórpu, gítar og píanó (er þó misgóður á þessi hljóðfæri).“

Borðar aldrei nammi

4. „Borða aldrei sælgæti eða kökur (þó halda mætti annað!). En er þeim mun hrifnari af góðum mat (sést!). Nota hvert tækifæri sem gefst til að matbúa gourmet-máltíðir – líka þó það sé mánudagur – það er að segja ef tími gefst.“

Hefur átt 20 jeppa

5. „Hef átt jeppa síðan ég fékk bílpróf, 17 ára, og jepparnir eru orðnir yfir 20 talsins. Á nú nýjan Nissan Patrol.“

Elskar NFS

6. „Mér finnst einn skemmti-



10

hlutir sem þú vissir ekki um mig...

legasti vinnustaður sem ég hef unnið á vera fréttastofa NFS. Ótrúlega lífsglatt fólk sem vinnur þarna. Og að öðrum ólöstuðum vinna þarna síkátir einstaklingar eins og Haukur Holm (Haukur danski), Sindri Sindrason (lúxusjeppakarl) og Logi Bergmann (grínisti).“

Upphaldsveður hægviðri og sól

7. „Veðrið á Íslandi höfðar ekki til mín í meginatriðum. Þó viðurnefni mitt, stormur, gefi tilefni til að mér finnst mest gaman í stormi með tilheyrandi látum, þá

er mitt uppháldsveður hægviðri og sólríkt veður með hita nálægt 26°C. Þetta veður er bara ekki á Íslandi. Ekki nema í hitabylgjum eins og í ágúst 2004.“

Skírður eftir öfum sínum

8. „Ég er skírður í höfuðið á afa mínum og langafa – heiti Sigurður Þórður – og er ættaður úr Hafnarfirði, frá Gufuskálum á Snæfellsnesi, frá Eyrarbakka og Vestmannaeyjum.“

Filar Vestmannaeyjar

9. „Ég veit ekki hvað það er en ég fíla Vestmannaeyinga með ein-dæmum vel, ber mikla

virðingu fyrir þeim. Skemmti mér aldrei betur en á Þjóðhátíð í Eyjum – og myndi gjarnan vilja prófa að búa þar.“

Erfitt að lesa skáldsögur

10. „Hef alltaf átt erfitt með að lesa skáldsögur (er stundum svo hræðilega jarðbundinn). En konan mín er íslenskfræðingur og passar upp á jafnvægið í bókavalinu (hún sem sagt ræður því hvaða skáldsögur ég les.“





Bonomi kaffihús

OG GLÆSILEG VERSLUN

Bonomi kaffihúsinn eru staðsett um víða veröld og eru þekkt fyrir að vera alvöru kaffihús sem bjóða aðeins upp á gæðakaffi fyrir þá kröfuhörðustu.

KAFFIBÚÐIN umboðsaðili Bonomi og Quick Mill kaffivéla hefur nú opnað glæsilega verslun og kaffihús í Hamraborg 1-3, Kópavogi. Við bjóðum að sjálfsögðu upp á eðal kaffi frá Bonomi sem gefur unaðslegan eftirkeim, einnig baunir sem hægt er að fá malaðar á staðnum.



PROFESSIONAL

Hágæða ítalskar kaffivélar frá Quick Mill fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir.

Alvöru espresso með þykkri kaffiroðu eða mildara, alveg eins og þú vilt, nákvæmlega eins og á bestu kaffihúsunum.



Glæsileg ítölsk gjafavara; kaffibollar, tebollar, morgunverðarsett og ótal margt annað falllegt.



PROFESSIONAL



K A F F I B Ú Ð I N

HAMRABORG 1-3 · 200 KÓPAVOGI · S: 554 6054

SKEMMTU EGASTA I HEITVIT SPURNINGAKEPPNI

SPURNINGAKEPPNIN
SPURÐU VIN ÞINN



1. Hverjir eru Íslandsmeistarar karla í körfuknattleik árið 2006?
2. Hvað heitir hátíðin sem haldin er ár hvert á Ísafirði um páskana?
3. Með hvaða liði leikur knattspyrnumaðurinn Guðmundur Benediktsson?
4. Á hvaða mánaðardegi var sumardagurinn fyrsti?
5. Uppþökum á plötu hvaða hljómsveitar stjórnar Snorri úr Idolinu?
6. Hvað heitir forseti Palestínu?
7. Hvað átti Adam marga syni í laginu vinsæla?
8. Hver leikstýrir söngleiknum Footloose sem settur verður upp í sumar?
9. Hver verður aðalmarkvörður Þjóðverja á HM í sumar?
10. Hvað heita afkvæmi Pandabjarna?
11. Hvað heitir nýjasta plata Rúnars Júlíussonar?
12. Hvað framleiðir fyrirtækið Faber Castell aðallega?
13. Hvað heitir faðir trúbadorsins Láru Rúnarsdóttur?
14. Hver söng í hljómsveitinni Bong?
15. Hvað heitir kærasti leikkonunnar Evu Longoria?
16. Hvað heitir systir Paris Hilton?
17. Á hvaða hesti keppti Unnur Birna Vilhjálmisdóttir á dögnum?
18. Hvað heita myndarlegu þáttastýrnar þrjár úr Íslandi í dag?
19. Hvað heitir Ungfrú Reykjavík?
20. Hver er bæjarstjóri í Kópavogi?



Meðalskorið í þessari keppni er 14

- ÞÉTT SVÖR**
1. Njarvík
 2. Aldrei fór ég suður
 3. Valsmönnum
 4. 20. apríl
 5. Jett Black Joe
 6. Mahmoud Abbas
 7. Sjö
 8. Unnur Ösp Stefánsdóttir
 9. Jens Lehman
 10. Húnar
 11. Nostalgía
 12. Rittöng (Yfirstríkurunarpenna)
 13. Rúnar Þórisson
 14. Móelgur Júnusdóttir
 15. Tony Parker (S.A Spurs)
 16. Nicky 17. Kátur
 18. Inga Lind, Brynja Þorgeirs og Svanhildur Hólm
 19. Jóna Kristín Helmsdóttir
 20. Gunnar Birgisson

Svona, svona, það er bara ekki pláss fyrir þig lengur, þú ferð bara aftur í þessa.

En ég er orðinn alltof feitur í þessa treyju!



Mynd: Þorvaldur

EIÐUR EKKI LENGUR Í NÁÐINNI

Hereford Fréttir

Hereford í apríl

Allir mánudagar og þriðjudagar
Parísarbuff á tilboði, aðeins 1.590 kr.

Allir miðvikudagar
Rifjadagar frá kl 17:00 til 20:00, rif og kaldur á aðeins 1.990.-

Allir fimmtudagar
Tveir fyrir einn af mat frá 17:00 til 20:00

Alla daga, tveir fyrir einn af fordrykkjum
fyrir matargesti frá 17:00 - 20:00



Frábær tilboð í apríl - verði þér að góðu

Borðapantanir
í síma 511 3350



HEREFORD
STEIKHÚS

Laugavegur 53b • 101 Reykjavík • 5 11 3350 • www.hereford.is

Gleðilegt
sumar

hér & nú

STÚLKAN

Tinna Katrín
Jónsdóttir
19 ára

Tinna er 19 ára og býr í Garðabænum. „Ég er á tungumálabraut í FG og svo er ég líka að vinna á leikskólanum Núpi í Kópavogi,“ segir Tinna sem hefur unnið á leikskólanum í um eitt og hálf ár. Hún ætlar þó ekki að læra fagið enda hefur hún meiri áhuga á tungumálum. „Ég er nú líklega best í þýsku en hún er samt ekki í miklu uppáhaldi. Spænskan er meira spennandi,“ segir Tinna sem stefnir að því að flytja til Spánar og læra málið á næstunni. „Ég klára prófin eftir tvær vikur og hlakka rosalega til sumarsins, þetta verður frábært sumar,“ segir Tinna sem er alsæl á lausu.

-25%

Afsláttur af sumardekkjum

ÞÚ FÆRÐ sumardekk

Á SÚPER-VERÐI

&

-25%

AFSLÁTTUR AF
vinnu
við smur

&

Ótrúleg tilboð!

á
Jeppa-
dekkjum



BÍLKÓ

bilko.is

Betri verð!

Smíðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110



Meira fyrir minna!

Bíll frá kr. **1.950** á dag*

HASSO

Car-rental

Hasso Ísland - Smíðjuvegi 6, rauð gata, sími 555 333 0

*Verð er án kílómetragjalds.

Tel: **555 333 0**

KAUPTU EKKI KÖTTINN Í SEKKNUM

BJÓÐUM EVRÓPUGERÐIR MEÐ 24 MÁN. VERKSMÍÐJUÁBYRGÐ



GRAND CHEROKEE

GERÐU RÉTTAN VERÐSAMANBURÐ

Jeep



Evrópugerð Grand Cherokee

CRD 2006 **Diesel Mercedes Benz**

Sýningarbíll á staðnum

Ath. Nýir bílar frá Evrópu

Eigum á lager nokkra nýja

Jeep Grand Cherokee

Evrópugerðir með 2ja ára verksmiðjuábyrgð

Verð frá kr. 4.790.000.-

Grand Cherokee Ltd. og Laredo
með 3.0 L. V6 Mercedes Benz Dieselvél
Stuttur afgreiðslutími



2ja ára verksmiðjuábyrgð - Sérhæft þjónustuverkstæði með bilanaleitátölvu sem tryggir vönduð vinnubrögð

Opið mánud.-föst. kl.9-18 laugard. kl.12-16

Studiobilar ehf. Sími: 5400 800 - Fax: 5400 801
Smiðsbúð 2 210 Garðabær - E-mail: studiobilar@studiobilar.is

Hringdu núna...

Sími 5400 800

www.studiobilar.is

NY FRÁBÆR ÆFINGAKERFI FRÁ ÁGÚSTU JOHNSON

Æfingar sem þú getur stundað hvenær sem þér hentar
Einfalt, þægilegt og þú kemst í fínt form

VHS og DVD



Mótaðu fallega og vel þjálfaða vöðva með teygjurenningi. Njóttu þess að gera æfingarnar með afslappandi tónlist. Teygjurenningurinn fylgir með!

Hefurðu lítinn tíma til að stunda þjálfun? Þrú hnitmiðaðuð 10 mínútna æfingakerfi sem gefa góðan árangur

Nýtt! Nú fást myndböndin: Magi, rass og læri og Hámarks árangur einnig á DVD

Fást í Hagkaup og í Hreyfingu
www.hreyfing.is